# FRÉTTABLAÐIÐ

180. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 1. ÁGÚST 2018




Nokkrir þeirra sem búa í úrræðum fyrir heimilislausa, eða fulltrúar þeirra, mættu og sóttust eftir því að fá að sitja aukafund borgarráðs um málefni hópsins en fengu ekki. Á fundinum voru samþykktar átta tillögur meirihlutans um aðgerðir, meðal annars að útvega lóðir fyrir 25 smáhýsi. Þá var samþykkt tillaga fulltrúa Sósíalistaflokksins um að kanna þarfir hópsins. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Hætti á dvalarheimili eftir lyfjaþjófnað

**Embætti landlæknis hefur verið tilkynnt um málefni starfsmanns á Dvalarheimilinu Höfða á Akranesi sem tekið hafði morfínskyld lyf ófrjálsri hendi. Viðkomandi starfsmaður hefur látið af störfum. Formaður stjórnar dvalarheimilisins segir að farið verði yfir verkferla.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsmaður á Dvalarheimilinu Höfða á Akranesi hefur látið af störfum eftir að upp komst að viðkomandi hefði tekið morfínskyld lyf ófrjálsri hendi. Slík lyf eru lyfseðilskyld. Þetta staðfestir Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóri dvalarheimilisins.

Gengið var frá starfslokum umrædds starfsmanns í gær. Samkvæmt heimildum blaðsins var það gert á fundi með framkvæmdastjóra, formanni og varaformanni stjórnar auk mannauðsstjóra hjá Akranesbæ. Þá herma sömu heimildir að starfsmaðurinn hafi verið boðaður á fleiri fundi í gær.

Framkvæmdastjórinn segir að við reglulegt eftirlit í öndverðum júlímánuði hafi komið upp misræmi og málið farið í ákveðið ferli. Viðkomandi starfsmaður var þá í sumarleyfi. Þegar starfsmaðurinn kom aftur til starfa eftir leyfið viðurkenndi hann brot sitt.

„Málið hefur verið tilkynnt til Landlæknisembættisins,“ segir Kjartan. Hann segir að viðkomandi starfsmaður hafi ekki haft langan starfsaldur hjá dvalarheimilinu. Kjartan segir að það líti út fyrir að um einangrað tilvik sé að ræða. Þá hafi magnið verið óverulegt.

Elsa Lára Arnardóttir, formaður stjórnar dvalarheimilisins, segir málið enn til meðferðar. „Stjórnin á eftir að koma saman en mun gera það innan tíðar og fara yfir verkferla. Við þurfum að klára að senda allar upplýsingar til Landlæknisembættisins og stígum síðan næstu skref samkvæmt því sem þarf í þessum efnum,“ segir Elsa Lára.

> **Stjórnin á eftir að koma saman en mun gera það innan tíðar og fara yfir verkferla.**
>
> Elsa Lára Arnardóttir, formaður stjórnar dvalarheimilisins Höfða

Embætti landlæknis vildi ekki tjá sig um málið þar sem það gæti ekki fjallað um einstök mál. Þá vildi embættið heldur ekki svara fyrirspurn Fréttablaðsins um hversu mörg sambærileg mál hefðu verið tilkynnt til embættisins að undanförnu.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Vesturlandi hefur umrætt mál ekki ratað inn á borð embættisins. **sighvatur@frettabladid.is**

## Þjóðgarðarnir fá harða gagnrýni

**STJÓRNSÝSLA** Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, gagnrýnir harðlega fyrirvaralausar gjaldahækkanir þjóðgarðanna í grein sem hún skrifar í Fréttablaðið í dag.

Telur Bjarnheiður að um óþolandi stjórnsýslu sé að ræða og virðingarleysi við aðila í ferðaþjónustu.

Hún segir stjórnir þjóðgarðanna ekki virðast skilja til fullnustu mikilvægi samvinnu við ferðaþjónustufyrirtæki.

Hagsmunir ferðaþjónustunnar og þjóðgarðanna geti vel farið saman.

Samvinna og samstarf séu lykilatriði.



Sjá síðu 11

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Valið er á milli þess að semja um frekari árangur – eða innantómar tölur, segir fjármálaráðherra. 10



**SPORT** Íslensku keppendurnir eru líklegir til afreka á heimsleikunum í CrossFit. 12

**TÍMAMÓT** Bræður ganga á 75 tinda í Svarfaðardal. 14

**MENNING** Leikfélag Hafnarfjarðar fer til Tékklands með Ubba kóng. 18

**LÍFIÐ** Samfélagsmiðlastjörnurnar hlaupa í Reykjavíkurmaraþoni til styrktar Einstökum börnum. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg vestlæg eða breytileg átt, dálítil rigning um norðanvert landið en skýjað með köflum sunnan til. Styttir upp norðanlands síðdegis en skúrir á sunnanverðu landinu um kvöldið. SJÁ SÍÐU 16




Sjúkrabifreið í Flórída.

# Lést eftir að hafa verið neitað um sjúkraflutning

**FLÓRÍDA** Fjórir bandarískir sjúkraflutningamenn eru sakaðir um að hafa mismunað konu á grundvelli kynþáttar hennar og að hafa ákveðið að veita henni ekki lífsnauðsynlega aðstoð.

Atvikið átti sér stað að í byrjun júlí, aðeins nokkrum dögum eftir að Crystle Galloway fæddi barn sem tekið var með keisaraskurði.

> Þeir spurðu hana í sífellu hvort hún vildi fara á sjúkrahús. Hún hélt áfram að grátbiðja þá að fara með sig.
>
> Móðir Crystle Galloway

Móðir hennar hringdi í neyðarlínuna eftir að hafa fundið dóttur sína þar sem hún sat í baðkarinu og var greinilega illa haldin. Skömmu síðar kom sjúkrabíll.

„Þeir spurðu hana í sífellu hvort hún vildi fara á sjúkrahús. Hún hélt áfram að grátbiðja þá að fara með sig.“

Í staðinn settu þeir Crystle í hennar eigin bíl. Móðirin keyrði því dóttur sína sjálf á sjúkrahús. Crystle hafði fengið heilablóðfall og féll í dá og andaðist fimm dögum síðar.

Móðir Crystle Galloway segir að mennirnir hafi gert ráð fyrir því að fjölskyldan hefði ekki efni á kostnaðinum við sjúkraflutningana. **– tfh**

## Á undanhaldi



Byggingar fyrri tíma í Súðarvogi hverfa nú margar til að rýma fyrir nýjum tímum á iðnaðarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að byggja megi allt að 480 íbúðir og að auki allt að 48 þúsund fermetra af atvinnuhúsnæði. Á svæðinu voru fyrir um 70 þúsund fermetrar atvinnuhúsnæðis. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Minnst spenna fyrir Netflix hjá framsóknarfólki

**SAMFÉLAG** Tveir af hverjum þremur landsmönnum 18 ára og eldri hafa aðgang að efnisveitunni Netflix samkvæmt könnun MMR. Í sambærilegri könnun fyrir ári var þetta hlutfall 59 prósent.

Töluverður munur er milli aldurshópa en 90 prósent fólks á aldrinum 18-29 ára hafa aðgang að Netflix á meðan hlutfallið hjá þeim sem eru 68 ára og eldri er 24 prósent.

Kjósendur Framsóknarflokksins eru ólíklegastir til að hafa aðgang að Netflix. 54 prósent þeirra sögðust hafa aðgang. 75 prósent kjósenda Viðreisnar og 74 prósent kjósenda Pírata hafa hins vegar aðgang að Netflix.

Þá má nefna að 88 prósent námsmanna eru með aðgang að Netflix.

MMR gerði umrædda könnun í maí og eru niðurstöðurnar byggðar á svörum 929 einstaklinga. **– sar**




# Hjartað í Árneshreppi slær með öðrum hætti

**„Það er ekki eins og neitt hjarta sé að hætta að slá. Það slær bara með öðrum takti,“ segir Vigdís Grímsdóttir, skólastjóri Finnbogastaðaskóla í Árneshreppi, sem verður ekki grunnskóli næsta vetur. Þar verður boðið upp á námskeið.**

**ÁRNESHREPPUR** Finnbogastaðaskóli verður ekki starfræktur sem grunnskóli næsta skólaár. Skólinn var eini grunnskólinn í Árneshreppi.

„Það er aðeins einn nemandi hér í hreppnum, tíu ára gömul telpa. Hún fer í skóla á Drangsnesi í næsta þorpi,“ segir Vigdís Grímsdóttir skólastjóri Finnbogastaðaskóla. „Á Drangsnesi getur hún sótt skóla með öðrum krökkum og fengið þá félagslegu örvun sem hún þarf,“ bætir hún við.

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps, sagði ekki fastákveðið að skólanum yrði lokað í samtali við Morgunblaðið í vikunni.

Vigdís segir hreppsnefndina alls ekki hafa lagt til að skólanum verði lokað.

„Skólinn verður starfandi en í annarri mynd. Hann verður ekki starfræktur sem grunnskóli. Við ætlum hins vegar að bjóða upp á tvö námskeið fyrir krakka í nálægum sveitarfélögum. Sem koma þá hingað og læra. Hópur fólks er að fara að skipuleggja þetta starf nú strax eftir verslunarmannahelgi. Hvernig náminu verður háttað,“ segir Vigdís.

Að sögn Vigdísar eru margar skemmtilegar og spennandi hugmyndir um rekstur skólans; starfsemin muni njóta styrks á vegum Brothættra byggða, samfélagseflandi verkefnis hjá Byggðastofnun.

„Það er ekki eins og neitt hjarta sé að hætta að slá. Það slær bara með öðrum takti. Það er ekkert á vonarvöl hér í hreppnum eins og sumir gætu haldið,“ segir Vigdís og vísar í deilur íbúa um Hvalárvirkjun.

„Þvert á móti þróum við starf í skólanum sem gæti orðið spennandi og skemmtilegt. Krakkar úr Reykjavík gætu jafnvel komið á námskeið hingað og kynnst lífinu hér. Það er svo margt hægt að hugsa sér. Ég verð örugglega með námskeið í skapandi skrifum, bæði fyrir börn og fullorðna. Hér er ekkert að deyja, heldur hlutirnir að breytast,“ segir Vigdís.



Vigdís Grímsdóttir, skólastjóri Finnbogastaðaskóla, sinnir kennslu í skólanum í breyttri mynd þar til börnum á skólaaldri fjölgar á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þvert á móti þróum við starf í skólanum sem gæti orðið spennandi og skemmtilegt. Krakkar úr Reykjavík gætu jafnvel komið á námskeið hingað og kynnst lífinu hér.
>
> Vigdís Grímsdóttir

„Ef hingað flytur fólk með börn þá verður hefðbundinn grunnskóli aftur starfræktur. En þangað til leysum við málin á farsælan hátt,“ segir hún að lokum.

kristjanabjorg@frettabladid.is


Kringlan
30 ára
Af öllu hjarta
ÚTSÖLULOK
GÖTUMARKAÐUR
OG ÓTRÚLEGT VERÐ
OPNUNARTÍMAR YFIR
VERSLUNARMANNAHELGINA
LAUGARDAGUR 4. ÁGÚST 10 - 18
SUNNUDAGUR 5. ÁGÚST LOKAÐ
MÁNUDAGUR 6. ÁGÚST LOKAÐ
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

# Icelandair Group tapaði 2,7 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi

**VIÐSKIPTI** Icelandair Group tapaði 25,7 milljónum dala, sem jafngildir um 2,7 milljörðum króna, á öðrum fjórðungi ársins, að því er fram kemur í nýbirtu fjórðungsuppgjöri ferðaþjónustufélagsins.

Til samanburðar hagnaðist Icelandair um 9,9 milljónir dala á sama tímabili í fyrra. Björgólfur Jóhannsson forstjóri segir afkomuna lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

EBITDA Icelandair Group – afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta – nam um 14,7 milljónum dala, sem jafngildir um 1,5 milljörðum króna, og dróst saman um 64 prósent á milli ára en EBITDA var 40,6 milljónir dala á öðrum fjórðungi 2016. Þrýstingur á fargjöld, lakari sætanýting og einskiptiskostnaður vegna truflana í flugáætlun skýra verri afkomu, að sögn félagsins.



**Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heildartekjur námu 399 milljónum dala á ársfjórðungnum og jukust um níu prósent á milli ára en heildarkostnaður jókst um 18 prósent – í 384 milljónir dala.

Björgólfur Jóhannsson segir í afkomutilkynningu að spár félagsins um hækkandi meðalverð á síðari hluta ársins hafi ekki gengið eftir, þrátt fyrir hækkandi olíuverð. „Samkeppnin á mörkuðum hefur sjaldan verið meiri sem kemur fram með þessum hætti,“ er haft eftir honum.

Björgólfur segir Icelandair hafa unnið að miklum breytingum sem muni skila sér í sterkara fyrirtæki. „Þar hefur allt verið til skoðunar, meðal annars skipulag, stefna, leiðakerfi, flotauppbygging, fargjaldaflokkar og á hvaða sviðum félagið ætlar að starfa til framtíðar.“

Að sögn forstjórans á að selja hótelrekstur. Í skoðun sé uppbygging nýs tengibanka á Íslandi meðfram núverandi tengibanka. Nýjar Boeing MAX vélar hafi bæst í flotann. „Þá hafa verið gerðar umfangsmiklar breytingar á skipulagi félagsins. Markmiðið er að skerpa enn frekar á áherslum okkar í sölu og markaðsmálum annars vegar og þjónustu við viðskiptavini hins vegar og styrkja þannig félagið.“ **– kij**



**Fyrri hluta 2018 voru fluttar inn vörur fyrir 370 milljarða.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vöruskipti neikvæð um 83 milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Vöruskiptajöfnuður á fyrri hluta ársins var neikvæður um 83,4 milljarða króna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofunni. Alls voru fluttar inn vörur fyrir rúma 370 milljarða en útflutningur nam tæpum 287 milljörðum.

Iðnaðarvörur voru stærsti hluti verðmætis útflutningsvara eða 53,6 prósent, hlutdeild sjávarafurða var 40,2 prósent og landbúnaðarvara 3,6 prósent.

Á sama tímabili í fyrra var vöruskiptajöfnuður neikvæður um rúma 86 milljarða. **– sar**

## Allianz með 450 milljóna hagnað

**VIÐSKIPTI** Allianz á Íslandi hagnaðist um 448 milljónir króna í fyrra og dróst hagnaður félagsins saman um 6,9 prósent frá fyrra ári.

Félagið, sem er umboðsaðili þýska tryggingafélagsins Allianz, skilaði 1.231 milljón króna rekstrartekjum í fyrra, 2,5 prósent meira en árið á undan. Rekstrargjöld voru 704 milljónir u og hækkuðu um 12 prósent.

Allianz á Íslandi átti eignir upp á 1.420 milljónir króna í lok síðasta árs borið saman við 1.337 milljóna króna eignir í lok árs 2016. Félagið er að fullu í eigu Hrings, dótturfélags Íslandsbanka. **– kij**

# Borgaryfirvöld ráðast í aðgerðir vegna vanda heimilislauss fólks

**Borgarráð samþykkti tillögur sem eiga að efla húsnæðisúrræði og heilbrigðisþjónustu fyrir utangarðsfólk. Útvega fimm lóðir fyrir allt að 25 smáhýsi á þessu ári og vilja að önnur sveitarfélög taki þátt í kostnaðinum. Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fagnar langtímalausnum en gagnrýnir skort á tafarlausum úrræðum.**

**REYKJAVÍK** Tillögur um húsnæðismál fólks sem telst utangarðs voru samþykktar í gærmorgun á aukafundi borgarráðs sem minnihluti ráðsins óskaði eftir. Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands segir miður að ekki hafi verið samþykkt neyðarúrræði sem taka á brýnasta vandanum án tafar.

Alls samþykkti borgarráð átta tillögur meirihluta um aðgerðir í húsnæðismálum og eina frá áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands. Flestum tillögum minnihlutans var hins vegar vísað til frekari skoðunar hjá velferðarráði og fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Samþykkt var að útvega fimm lóðir fyrir allt að 25 smáhýsi á þessu ári, bæta þjónustu í samstarfi við ríkið um heilbrigðisþjónustu utangarðsfólks og að velferðarsvið ljúki tillögugerð um áframhaldandi uppbyggingu húsnæðis fyrir fólk sem telst utangarðs.

Einnig var samþykkt að fara í viðræður við ríkisvaldið og verkalýðshreyfinguna um breytingar á reglum um stofnframlög og áskorun til ráðherra húsnæðismála um að sveitarfélögum verði gert skylt að fjölga félagslegum íbúðum að ákveðnu hlutfalli við íbúafjölda.

Auk þess verði teknar upp viðræður við önnur sveitarfélög um þátttöku í kostnaði við úrræði sem íbúar viðkomandi sveitarfélaga nýta sér en borgin ber „hitann og þungann“ af, eins og orðað er í tilkynningu Reykjavíkurborgar um fundinn.

Þá var samþykkt tillaga Sönnu Magdalenu Mörtudóttur, áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands á fundinum, um að kanna væntingar og þarfir einstaklinga í húsnæðisvanda. Sanna telur þó að gera hefði mátt betur og segist óánægð með að mörgum tillögum hafi verið vísað inn í ráð. Hún nefnir tillögu sína um neyðarhúsnæði sem var vísað í velferðarráð sem tekur ekki aftur til starfa fyrr en 10. ágúst.



**Á aukafundi borgarráðs Reykjavíkur sem var haldinn var í gær að beiðni minnihlutaflokka.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Maður skynjaði á málflutningi meirihlutans að hann vildi ekki axla ábyrgð.
>
> Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins

„Með því að vísa neyðarúrræðum í ráð erum við ekki að taka á þessum brýna vanda eins fljótt og unnt er. Þó að langtímalausnir séu mikilvægar þurfum við samt sem áður neyðarúrræði sem heimilislaust fólk getur gripið til,“ segir Sanna. Hún segir gott að vinna sé hafin í málaflokknum en veltir fyrir sér hvernig meirihlutinn hafi leyft stöðunni að verða eins og hún er.

„Þetta er ekki eitthvað sem á að sitja á hakanum. Maður skynjaði á málflutningi meirihlutans að hann vildi ekki axla ábyrgð með því að vísa í að ríki og önnur sveitarfélög þurfi einnig að koma að málinu. Reykjavíkurborg ber ábyrgð á þessari stöðu og við þurfum strax lausnir fyrir einstaklinga í neyð.“ **– tfh**




66°
NORÐUR
66
NORTH
66north.is
















## Áttatíu þúsund hektarar eldi að bráð



Slökkviliðsmenn horfa að nóttu til á skógareldana í Upper Lake í Kaliforníu sem hafa lagt yfir 80 þúsund hektara í eyði. Átta hafa látið lífið í skógareldunum, bæði borgarar og slökkviliðsmenn. NORDICPHOTOS/AFP

# N1 verður „gjörbreytt“

**Kaup N1 á Festi skila meiri samlegðaráhrifum en gert er ráð fyrir í áætlunum olíufélagsins, að sögn forstjórans. Hlutabréfaverð N1 hækkaði um 11,5 prósent.**

**VIÐSKIPTI** Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1, segist telja að kaup félagsins á Festi, sem rekur meðal annars verslanir undir merkjum Krónunnar og ELKO, muni til framtíðar litið skila meiri samlegðaráhrifum en þeim 500 til 600 milljónum króna sem félagið gerir ráð fyrir í áætlunum sínum.

„Þetta eru þau tækifæri sem við sjáum á borðinu en í mínum huga eru tækifærin meiri,“ segir Eggert við Fréttablaðið.

„Engin spurning“ sé um það að N1 verði gjörbreytt félag eftir þrjú til fimm ár. Minna muni fara fyrir „olíufélagsandanum“.

Í tilkynningu N1 til Kauphallarinnar segir gert ráð fyrir að samlegðaráhrif af kaupum N1 á Festi, næststærstu smásölukeðju landsins, sem Samkeppniseftirlitið samþykkti gegn skilyrðum, verði á bilinu 500 til 600 milljónir og muni koma fram á næstu 12 til 18 mánuðum.

„Til framtíðar tel ég,“ nefnir Eggert Þór, „að samruninn muni skila meiri samlegðaráhrifum, en það tekur meiri tíma að ná því fram.“

Eftir margra mánaða rannsókn Samkeppniseftirlitsins og sáttaviðræður N1 og fulltrúa eftirlitsins segist Eggert Þór afar sáttur við málalyktir.

„Þetta eru stór viðskipti, að ég held þau stærstu eftir hrun, og við vissum að við yrðum að láta eitthvað af hendi til þess að fá kaupin samþykkt.“

Sameinað félag N1 og Festar skuldbindur sig til þess að selja fimm bensínstöðvar, þar á meðal þrjár stöðvar undir merkjum Dælunnar, til nýs keppinautar sem og verslun Kjarvals á Hellu og auka jafnframt aðgengi endurseljenda að birgðarými, dreifingu og eldsneyti í heildsölu.

### Samkeppnisyfirvöld ræða við lífeyrissjóðina

Samkeppniseftirlitið hyggst ræða við þá lífeyrissjóði sem verða í hópi stærstu hluthafa sameinaðs félags N1 og Festar um „mögulegar skuldbindingar“ og „nauðsynlegar aðgerðir“ af þeirra hálfu til þess að bregðast við áhyggjum eftirlitsins af skaðlegum áhrifum eignatengsla í félaginu.

Í sátt N1 við Samkeppniseftirlitið er þó ekki tekið fram við hvaða skuldbindingar eða aðgerðir átt er við. Hefur N1 skuldbundið sig til þess að greiða fyrir og styðja við umræddar aðgerðir.

Í kjölfar kaupa N1 á Festi og Haga á Olís verða lífeyrissjóðir stórir hluthafar í stærstu félögunum á dagvöru- og eldsneytismarkaði.



Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1.

Fjárfestar tóku vel í fregnirnar af samþykki samkeppnisyfirvalda. Til marks um það hækkuðu hlutabréf N1 um 11,5 prósent í verði í 570 milljóna króna viðskiptum í Kauphöllinni í gær. Hlutabréfaverð í Högum hækkaði jafnframt umtalsvert eða um 5,5 prósent í 210 milljóna veltu en Samkeppniseftirlitið hefur kaup smásölurisans á Olís enn til rannsóknar.

Endanlegt kaupverð, það er heildarvirði Festar að frádregnum vaxtaberandi skuldum, er ríflega 23,7 milljarðar króna og greiðist annars vegar með afhendingu hátt í 80 milljóna hluta í N1 á genginu 115, samtals að virði 9,2 milljarðar króna, og hins vegar með 14,6 milljarða króna greiðslu í reiðufé. Hækkaði kaupverðið um nokkur hundruð milljónir króna – miðað við verðið sem gert var ráð fyrir í viljayfirlýsingu N1 og Festar í júní í fyrra – vegna sterkrar afkomu rekstrarfélaga Festar á síðasta fjárhagsári sem lauk í febrúar.

Eggert Þór segist aðspurður telja kaupin vera félaginu mikilvæg til þess að bregðast við þeim breytingum sem eru að eiga sér stað á smásölumarkaði. Félagið þurfi að ná fram hagræðingu í rekstri.

„Það er engin spurning að sameinað félag er mun líklegra til þess að geta brugðist við breyttum markaði heldur en þessi tvö félög í sitt hvoru lagi,“ segir Eggert Þór og nefnir sem dæmi tækifæri í samþættingu í rekstri félaganna og betri nýtingu á staðsetningum verslana og bensínstöðva.

Tækifærin séu sérstaklega mikil á landsbyggðinni þar sem staða N1 sé sterk en Krónunnar hins vegar veik.

Eggert Þór segir að sameinað félag verði „stórt og sterkt“ verði það engu að síður litli bróðir Haga.

Samanlagðar tekjur N1 og Festar voru um 75 milljarðar á síðasta rekstrarári en til samanburðar voru samanlagðar tekjur Haga og Olís ríflega 100 milljarðar. „Það er við ansi stóran bróður að berjast þar,“ segir Eggert Þór. kristinningi@frettabladid.is

# 30% afsláttur

**af öllum útileguvörum, sumarleikföngum og boltum.**

**Dagana 1. ágúst - 3. september**






**Stálbrúsi sem heldur heitu og köldu í 12 klst**

909 kr/stk
verð áður 1.299 kr



**Kælitaska 16 l**

699 kr/stk
verð áður 999 kr




**Kælitaska**

909 kr/stk
verð áður 1.299



**Kælikubbar 2 stk**

83 kr/stk
verð áður 199



**Útilegustóll með örmum**

1.749 kr/stk
verð áður 2.499



**Uppvöskunarbali**

909 kr/stk
verð áður 1.299



**Flösku ferðasett 5 stk**

349 kr/stk
verð áður 499



**Kælibox 24 l**

1.399 kr/stk
verð áður 1.999



**Pönnu- og pottasett, ál**

1.399 kr/stk
verð áður 1.999



**Regnslá**

279 kr/stk
verð áður 399

Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga

# Ásthildur segist komin í draumastarfið sem bæjarstjóri á Akureyri

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Þetta starf leggst mjög vel í mig. Við erum mjög spennt fyrir því að gera Akureyri að okkar heimabæ og ala börnin okkar upp hérna,“ segir Ásthildur Sturludóttir sem hefur verið ráðin bæjarstjóri á Akureyri.

Að sögn Ásthildar gerir hún ráð fyrir því að hefja störf um miðjan september og að fram undan sé leit að húsnæði fyrir fjölskylduna á nýjum stað.

Ásthildur var bæjarstjóri í Vesturbyggð frá 2010 og þar til í vor. Hún er með BA-próf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu frá PACE University í New York.

Þá var Ásthildur um tíma framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

„Viðræður gengu hratt og vel fyrir sig og við erum búin að ræða öll stóru málin.“ Ásthildur segir að hún hafi náð að setja sig lítillega inn í málefni bæjarins. Hún segist vera spennt fyrir því að koma inn sem faglega ráðinn bæjarstjóri og segist geta unnið með fólki úr öllum flokkum.

„Þetta var í rauninni draumastarfið. Það var annaðhvort þetta eða að fara inn á einhvern annan vettvang.“



Ásthildur Sturludóttir hefur verið ráðin bæjarstjóri á Akureyri. MYND/AKUREYRARBÆR

Meirihluti L-lista, Samfylkingar og Framsóknarflokks hélt velli í sveitarstjórnarkosningunum í vor og var ákveðið að endurnýja meirihlutasamstarfið.

Ákveðið var að auglýsa starf bæjarstjóra en Eiríkur Björn Björgvinsson, sem gegnt hefur starfi bæjarstjóra síðustu átta ár, ákvað í ársbyrjun að sækjast ekki eftir áframhaldandi ráðningu.

Alls sóttu átján einstaklingar um starf bæjarstjóra en tveir umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka. **– sar**



Facebook í átaki. NORDIPHOTOS/GETTY

## Fjarlægja áróður fyrir kosningar

**SAMFÉLAGSMIÐLAR** Facebook tilkynnti í gær að 32 notandareikningar og síður hefðu verið fjarlægð af Facebook og Instagram. Að sögn Facebook var um að ræða samhæft átak til þess að reyna að hafa áhrif á þingkosningarnar í Bandaríkjunum sem fara fram í nóvember.

Rannsókn málsins er á frumstigi og ekki enn vitað hver stendur þar á bak við. Í tilkynningunni kemur fram að stofnendur reikninganna hafi lagt meira á sig til að hylja slóð sína en áður hefur þekkst. **– tfh**

## Minni hagnaður hjá Þingvangi

**VIÐSKIPTI** Verktakafyrirtækið Þingvangur, sem Pálmar Harðarson er í forsvari fyrir, hagnaðist um tæpar 92 milljónir króna í fyrra. Dróst hagnaðurinn saman um 87 prósent frá fyrra ári þegar hann nam 695 milljónum.

EBITDA Þingvangs – afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta – var 65,5 milljónir króna í fyrra borið saman við 176 milljónir árið 2016, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi félagsins.

Rekstrartekjur af venjulegri starfsemi námu um 1.024 milljónum króna í fyrra og drógust saman um 35 prósent á milli ára og þá voru rekstrargjöldin um 959 milljónir á árinu. Lækkuðu rekstrargjöldin um 32 prósent frá fyrra ári.

Þingvangur átti eignir upp á 17,4 milljarða króna í lok síðasta árs borið saman við 13,4 milljarða eignir í lok árs 2016. Var eigið fé félagsins um 677 milljónir og handbært fé 61 milljón í árslok 2017. **– kij**

# Deila um lögmæti kosninganna en kjörstjórn hafnar ásökunum

**Sigurvissa ríkir í herbúðum stærsta stjórnarandstöðuflokksins í Simbabve eftir forsetakosningarnar. Hann sakar hins vegar stjórnarflokkinn um að reyna að hagræða úrslitunum vegna tafa á birtingu þeirra. Innanríkisráðherra Simbabve segir fullyrðingar stjórnarandstöðuflokksins um kosningasigur brjóta gegn lögum.**

**SIMBABVE** Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn í Simbabve er sigurviss eftir forsetakosningarnar en segir að töf á birtingu á niðurstöðum bendi til þess að brögð séu í tafli. Innanríkisráðherra hefur hótað flokknum saksókn vegna yfirlýsinga sinna.

Kosningar til þings og forsetaembættis fóru fram í Simbabve á mánudaginn í fyrsta sinn frá því að Robert Mugabe var hrakinn frá völdum í nóvember í fyrra.

Nelson Chimesa, leiðtogi stærsta stjórnarandstöðuflokksins, fullyrti í gærmorgun að flokkurinn væri að „vinna“ kosningarnar „örugglega“. Stuðningsmenn hans söfnuðust saman í kosningamiðstöðinni í höfuðborginni til þess að fagna þrátt fyrir að engar niðurstöður hefðu verið birtar.

Flokkur Chimesa heldur því hins vegar fram að Zanu-PF sé að reyna að hagræða úrslitum kosninganna og segir að töf á birtingu niðurstaðna sé óásættanleg.

Stjórnvöld hafa tekið illa í ásakanir stjórnarandstöðunnar. Obert Mpofu innanríkisráðherra sagði í gær að það færi gegn lögum að tilkynna niðurstöður kosninga áður en þær væru birtar.

„Ég er ekki viss um að neinn vilji vekja reiði ákæruvaldsins né hætta á að fara í fangelsi,“ sagði Mpofu.

Yfirkjörstjórn hefur frest fram á laugardag til að tilkynna úrslitin en formaður hennar, Priscilla Chigumba, gerir ekki ráð fyrir að beðið verði fram á síðustu stundu. Hún hafnar öllum ásökunum um kosningasvik.

„Við munum ekki grafa undan vilja fólksins,“ sagði Chigumba á blaðamannafundi í gær. Kosningaeftirlitsmenn á vegum Evrópusambandsins skoðar nú hvort framkvæmd kosninga hafi verið í lagi.



Stuðningsmenn stjórnarandstöðuflokksins fagna fyrir utan kosningamiðstöð í höfuðborginni. NORDICPHOTOS/AFP

> **Ég er ekki viss um að neinn vilji vekja reiði ákæruvaldsins né hætta á að fara í fangelsi.**
>
> Obert Mpofu, innanríkisráðherra Simbabve

Þá eru áhyggjur af því að ofbeldi brjótist á endanum út vegna deilna um lögmæti kosninganna. „Við óttumst að fólk verði svo óánægt að það fari út á götur og þá vakna áhyggjur yfir viðbrögðum lögreglunnar,“ segir Andrew Makoni, starfsmaður samtaka sem höfðu 6.500 manns á sínum snærum við að vakta framkvæmd kosninganna.

Úrslit þingkosninganna hafa verið tilkynnt að hluta til en yfirkjörstjórnin segist þurfa meiri tíma til að safna saman tölum úr forsetakosningunni. Forsetaframbjóðandi þarf yfir 50 prósent atkvæða til að vinna kosninguna, ella verður kosið á milli tveggja fylgismestu frambjóðendanna. **– tfh**

**Stjórn Vina Vatnajökuls auglýsir eftir umsóknum um styrki**

VINIR VATNAJÖKULS

Vinir Vatnajökuls eru hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs. Samtökin styrkja rannsóknir, kynninga- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs.
**Umsóknarfrestur stendur frá 1. ágúst til 30. september 2018.**
Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu samtakanna
**www.vinirvatnajökuls.is**

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Fá 550 dali fyrir að leggja einkabílnum

**BANDARÍKIN** Bandaríska farveitan Lyft hefur ákveðið að gefa eitt hundrað íbúum Chicago-borgar inneign upp á 550 dali, um 58 þúsund krónur, sem þeir geta nýtt í viðskiptum við nokkrar farveitur, gegn því að þeir leggi einkabíl sínum í einn mánuð.

Með framtakinu vilja forsvarsmenn Lyft varpa ljósi á þann mikla kostnað sem felst í því að reka einkabíl og vekja um leið athygli á þeim ódýru samgöngumátum sem standa almenningi til boða, svo sem almenningssamgöngum og þjónustu farveitna á borð við Lyft, Zipcar og Divy Bike.

Keppnin er aðeins opin þeim fyrstu hundrað Chicagobúum sem skrá sig til leiks en hún stendur yfir frá 1. til 31. ágúst. Þátttakendur munu fá inneign upp á 300 dali í Lyft, 45 dala inneign í Divy Bike, 100 dala inneign í Zipcar og mánaðarkort í almenningssamgöngur að virði 105 dalir. „Við erum bókstaflega að biðja fólk um að losa sig við bílana sína,“ segir David Katcher, framkvæmdastjóri hjá Lyft. „Í raun erum við að veita fólki tækifæri til þess að leggja bílnum sínum í þrjátíu daga og gefa því allt sem það þarf til þess að ferðast um borgina.“ **– kij**



Þjónusta Lyft nýtur mikilla vinsælda vestanhafs. NORDICPHOTOS/GETTY

# TÖSKUR, TÖSKUR!

## ALLAR SKÓLATÖSKUR 30% AFSLÁTTUR



**Bakpoki blár og munstraður**
TILBOÐSVERÐ: 6.999.-
Verð áður: 9.999.-



**Bakpoki hestur**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki grænn felulitur**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki bleikur**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-




**Bakpoki hjólabretti**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki grár**
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 7.999.-



**Bakpoki blár**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki rauður hundur**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki peace**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki pony**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki bleik blóm**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki fótbolti**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki blár með hvítum röndum**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki gráar tölur**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki ferskjulitaður**
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 7.999.-

## IÐJUÞJÁLFAR MÆTA OG AÐSTOÐA

**Iðjuþjálfar verða í völdum verslunum hjá okkur á næstu dögum og hjálpa við val á réttu töskunni. Komdu við og fáðu tösku sem passar þér fullkomlega!**

- SMÁRALIND - 2. ágúst (16:00 - 18:00) / 4. ágúst (16:00 - 18:00)
- HALLARMÚLI - 1. ágúst (16:00 - 18:00)
- HAFNARFJÖRÐUR - 2. ágúst (16:00 - 18:00)
- MJÓDD - 1. ágúst (16:00 - 18:00)
- KEFLAVÍK - 3. ágúst (12:00 - 14:00)
- AKUREYRI - 1. águst (15:00 - 17:00) / 2. ágúst (15:00 - 17:00)

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tlboð á töskum gildir til og með 4. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Falleinkunn



**Ólöf Skaftadóttir**
olof@frettabladid.is

Boðað var til aukafundar í borgarráði vegna bágrar stöðu heimilislausra í borginni í gær. Það var minnihlutinn sem fór fram á fundinn í síðustu viku og talaði um mikla neyð í þessum efnum. Formaður borgarráðs, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, varð við þessari ósk minnihlutans og deildi raunar áhyggjum af stöðunni í viðtali í Fréttablaðinu á dögunum. „Við þurfum bara að gera meira og gera betur,“ sagði Þórdís Lóa.

Líkt og fram hefur komið gaf umboðsmaður Alþingis Reykjavíkurborg falleinkunn í nýlegu áliti um stöðu utangarðsfólks, en hópurinn hefur tæplega tvöfaldast á fimm árum, eða um 95 prósent frá árinu 2012 til 2017. Þar segir að viðvarandi vandi ríki í húsnæðismálum utangarðsfólks, en um 350 úr þeim hópi eru heimilislausir. Hluti vandans felist í því að fólk leiti í borgina úr öðrum sveitarfélögum, vegna skorts á úrræðum þar. Þetta er alþekkt. Í borgum úti í heimi er hefð fyrir því að jaðarsettir hópar flykkist inn í þéttbýli. Þetta er vandi borga.

Í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks frá árinu 2014 er vísað í rannsókn sem segir að helstu ástæður heimilisleysis megi rekja til áfengis- og vímuefnavanda, eða um 62 prósent. Aðrir þættir sem tilgreindir voru sem orsök heimilisleysis voru geðræn vandamál eða um 31,3 prósent. Utangarðsfólk samanstendur að stærstum hluta af fólki með áfengis- og vímuefnavanda og geðfötlun og hins vegar einstaklingum með geðraskanir sem rekja má til neyslu vímuefna.

Formaður borgarráðs sagðist í sama viðtali líta á álitið sem gott veganesti inn í þá miklu vinnu sem fram undan væri í því að vinna á húsnæðisvanda utangarðsfólks. Hér virðist nýkjörinn borgarfulltrúi horfast í augu við vandann og ætla að gera betur, líkt og okkur ber að gera. Vonandi stendur hún við stóru orðin.

Það sama verður hins vegar ekki sagt um viðbrögð formanns velferðarráðs, Heiðu Bjargar Hilmarsdóttur, sem einnig á sæti í borgarráði og fór í viðtal á Rás 2 í gærmorgun til þess að ræða málið. „Þetta eru ekki nýjar tölur, þetta eru tölur frá 2017. Þetta er því ekki eitthvað sem við þurfum að bregðast við í þessari viku.“ Hún bætti svo við í kvöldfréttum Stöðvar 2 að ekkert sérstakt neyðarástand ríkti í málaflokknum núna.

**Það er sérkennilegt viðhorf að líta svo á að þar sem vandinn sé ekki glænýr sé á einhvern hátt minna tilefni til að bregðast við.**

Það er sérkennilegt viðhorf að líta svo á að þar sem vandinn sé ekki glænýr sé á einhvern hátt minna tilefni til að bregðast við. Veturinn er húsnæðislausum þyngsti árstíminn. Af þeim sökum þarf einmitt að bregðast við nákvæmlega núna. Áður en byrjar að hausta. Vonum að þeim tillögum um úrbætur af fundi borgarráðs í gær, frá minnihluta og meirihluta, sem vísað var inn í velferðarráð til afgreiðslu verði ekki frestað of lengi. Að fundurinn hafi breytt einhverju, þótt velferðarráðsformaðurinn hafi ekki endilega verið á því að breytinga væri þörf.




### Halldór




## Frá degi til dags

**Hvar er dómurinn?**
**Sýknudómur héraðsdóms yfir fyrrverandi starfsmanni barnaverndar Reykjavíkur, sem ákærður var fyrir kynferðisbrot gegn fjórum börnum og andlega fötluðum manni, vekur víða furðu og reiði. Forsendur dómsins eru lýðnum ekki ljósar því þær hafa ekki verið birtar, sjálfsagt vegna sumarfría og réttarhlés. Sérstaklega óheppilegt í jafn viðkvæmu máli og ekki til neins fallið nema vekja tortryggni eins og kemur vel fram í spurningu sem Illugi Jökulsson varpaði fram á Facebook: „Mér sýnist að enn sé ekki búið að birta sýknudóminn yfir „stuðningsfulltrúanum“ á vef Héraðsdóms Reykjaness. Það er með ólíkindum. Getur verið að það eigi að bíða með birtingu þar til dómurinn telur að áhugi á þessum óvænta sýknudómi fari minnkandi?“**

**Bubbi Moðhens**
**Engir kærleikar hafa verið milli Arnþrúðar Karlsdóttur, útvarpsstjóra Útvarps Sögu, og tónlistarmannsins Bubba Morthens eftir að Bubbi bannaði spilun á lögum sínum á útvarpsstöðinni 2015 vegna „mannhaturs“ og „fordóma“. Arnþrúður gerði sigur Steinars Berg í meiðyrðamáli gegn Bubba að umtalsefni á Útvarpi Sögu í síðustu viku og talaði um „moðhausinn“ Bubba Morthens sem hafi nú orðið uppvís að því að „ljúga upp á fólk“.**
**thorarinn@frettabladid.is**

## Að semja um árangur



**Bjarni Benediktsson**
fjármálaráðherra

Alþjóðaefnahagsráðið, World Economic Forum, gefur árlega út skýrslu um samkeppnishæfni ríkja. Í þeirri nýjustu er Sviss í 1. sæti en á lista tíu efstu komast bæði Svíþjóð og Finnland. Ísland situr í 28. sæti.

Hvaða máli skiptir samkeppnishæfni? Með ákveðinni einföldun er verið að mæla getu landa til að byggja upp góð lífskjör. Framleiðni er lykilþáttur, styður við vöxt, sem leiðir til hærri tekna og almennt til aukinnar velferðar. Þetta er því mæling á getu til að skapa gott samfélag.

Hlutfallslegur launakostnaður fyrirtækja á Íslandi er með því hæsta í OECD og mörgum þykir gengið fullsterkt. En erum við orðin of vön því að umræða um efnahagsmál snúist nær einvörðungu um gengi gjaldmiðilsins og launaþróun ólíkra hópa innbyrðis? Það þarf ekki lítinn launakostnað eða veikan gjaldmiðil til að vera samkeppnishæf, eins og sést af stöðu Sviss. Við ættum að ræða meira um framleiðni sem er þekkt vandamál hér, enda mælumst við verst í framleiðniaukandi þáttum.

Samkvæmt skýrslu WEF stöndum við okkur best allra á tveimur sviðum: Í afkomu ríkisfjármálanna og stöðugu verðlagi. Það hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar. Endurskipulagning ríkisfjármála, uppgjör slitabúa bankanna og hagfelldar ytri aðstæður hafa átt þátt í því að skapa stöðugleika sem er nánast óþekktur í íslenskri hagsögu.

**Skeytasendingar og hástemmdar yfirlýsingar um róttækar aðgerðir eru ótímabærar.**

Þessi stöðugleiki er ekki sjálfsagður. Skeytasendingar og hástemmdar yfirlýsingar um róttækar aðgerðir eru ótímabærar og það er mikilvægt að það samtal sem fram undan er fari þannig fram að samhengi hlutanna sé öllum ljóst. Á vinnumarkaði stendur valið á milli þess að semja um frekari árangur – eða innantómar tölur.

Við höfum góða stöðu í höndunum. Höfum saman náð miklum árangri við að bæta lífskjörin og auka kaupmátt. Frekari sókn til bættra lífskjara mun að mestu leyti ráðast af getu okkar til að auka framleiðnina og skapa ný verðmæti. Til þess er mikilvægt að á vinnumarkaði náist samstaða um að viðhalda efnahagslegum stöðugleika og að aðgerðir tengdar vinnumarkaði skili sér í raunverulegum kjarabótum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Gerræði í þjóðgörðum



**Bjarnheiður Hallsdóttir**
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Þjóðgarðar eru svæði þar sem lífríki og landslag eru með þeim hætti að vert þykir að varðveita þau sérstaklega en leyfa um leið almenningi að njóta þeirra. Það gefur því augaleið að þjóðgarðar og ferðaþjónusta eru samtvinnuð, þar sem mörg okkar dýrustu náttúrudjásn eru innan þjóðgarðanna, og vægi íslensku þjóðgarðanna hefur að sjálfsögðu vaxið í samræmi við aukið umfang ferðaþjónustu á landinu. Hagsmunir skipulagðrar ferðaþjónustu og þjóðgarðanna eiga vel að geta farið saman en forsenda þess er auðvitað að samvinna og reglulegt samtal eigi sér stað. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi fyrirætlana um stofnun miðhálendisþjóðgarðs á næstu misserum eða árum.

Langmest atvinnustarfsemi fer fram í þjóðgarðinum á Þingvöllum og í Vatnajökulsþjóðgarði. Stjórn Þingvallaþjóðgarðs er skipuð þingmönnum og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs er skipuð fulltrúum af svæðunum í kringum þjóðgarðinn, en þar fær ferðaþjónustan náðarsamlegast að hafa einn áheyrnarfulltrúa. Sá fulltrúi er hins vegar skipaður af ferðamálasamtökum á svæði þjóðgarðsins og hefur engin tengsl við Samtök ferðaþjónustunnar.

Því miður, en kannski eðlilega miðað við samsetningu stjórnanna, hafa þær ekki skilgreint þjóðgarðana sem órjúfanlegan hluta af íslenskri ferðaþjónustu og virðast ekki skilja til fullnustu mikilvægi samvinnu við ferðaþjónustufyrirtæki. Þær kjósa fremur að spila einleik á sínum eigin forsendum og hafa að undanförnu komið með hvert illa rökstudda útspilið á fætur öðru, þar sem steinar eru lagðar í götu greinarinnar og henni íþyngt verulega.

**Verðbreytingar í ferðaþjónustu þurfa langan aðlögunartíma**

Þess ber að geta hér að ferðaþjónustufyrirtæki þurfa að minnsta kosti 18 mánaða fyrirvara á verðbreytingum á þjónustu, sköttum og gjöldum til þess að geta velt þeim út í verðlagið á sinni þjónustu. Breytingar sem gerðar eru með skemmri fyrirvara valda í flestum tilfellum sem aukinn rekstarkostnaður á ferðaþjónustufyrirtækjunum sjálfum og eru því verulega íþyngjandi fyrir þau. Á þessu hafa Samtök ferðaþjónustunnar klifað árum saman, en því miður kjósa stjórnir þjóðgarðanna að láta þessa einföldu staðreynd sem vind um eyru þjóta.

Sem dæmi má nefna að fyrir skömmu voru bílastæðagjöld í þjóðgarðinum á Þingvöllum hækkuð fyrirvaralaust um allt að 50% án nokkurs samráðs við ferðaþjónustufyrirtæki. Gjaldtaka fyrir köfun í Silfru var sett á fyrirvaralaust árið 2012 og nú hefur verið boðuð hækkun á því gjaldi sem taka á gildi þann 1. september. Gjaldið hefur þá hækkað um 100%, úr 750 krónum í 1.500 krónur á hvern ferðamann. Steininn tók þó úr um miðjan júlí, þegar Vatnajökulsþjóðgarður tilkynnti hækkun á svokölluðu svæðisgjaldi (hét áður þjónustugjald) í Skaftafelli fyrirvaralaust. Þar var gjald fyrir algengustu stærð af hópferðabílum meðal annars hækkað um tæplega 80%.

Nýverið tók til starfa hópur á vegum Stjórnstöðvar ferðamála sem hefur það hlutverk að gera úttekt á sköttum og gjöldum í ferðaþjónustu og koma með tillögur um framtíðarskipan mála. Í því ljósi eru fyrirvaralausar og íþyngjandi gjaldahækkanir upp á hundruð milljóna í besta falli óskiljanlegar og verða að teljast óþolandi stjórnsýsla og virðingarleysi við þá sem reka ferðaþjónustufyrirtæki.

**Stjórnsýslan sýni ábyrgð gagnvart ferðaþjónustunni**

Ferðaþjónusta á Íslandi er nú að ganga í gegnum umbrotatíma, sem gerir miklar kröfur bæði til hins opinbera og atvinnulífsins. Sameiginlegt markmið hlýtur þó að vera það að hér verði byggð upp sjálfbær gæðaferðaþjónusta til framtíðar, sem tryggir stöðu greinarinnar sem burðarás í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Því er það algjörlega úr takti að opinberar stofnanir komi fram með þessum hætti og án alls tillits til gangverks og markaðsaðstæðna ferðaþjónustu.

> **Þær kjósa fremur að spila einleik á sínum eigin forsendum og hafa að undanförnu komið með hvert illa rökstudda útspilið á fætur öðru, þar sem steinar eru lagðar í götu greinarinnar**

Samvinna og samstarf er lykillinn og ekki bara í orði heldur á borði. Því hlýtur það að teljast eðlilegt að stærsti einstaki viðskiptavinur þjóðgarðanna, ferðaþjónustan, eigi fulltrúa í stjórnum garðanna og taki þátt í að móta starfsemi þeirra og marka atvinnustefnu innan þeirra.

Aðeins þannig getum við tryggt nauðsynlegt upplýsingaflæði, gagnkvæman skilning og sátt og komið í veg fyrir þennan stöðuga núning og pirring, sem stelur orku frá því sem raunverulega skiptir máli.

# Hagkvæmara húsnæði



**Eyþór Arnalds**
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

> **Skortur á hagkvæmum lóðum í Reykjavík, há byggingarréttargjöld og þungt stjórnkerfi hefur hækkað verð á íbúðum í borginni.**

Húsnæðisvandinn í Reykjavík hefur orðið til þess að margir flytja í önnur sveitarfélög. Reykjanesbær og Árborg vaxa. Ungt fólk sem vill halda tryggð við heimilið sitt býr í meiri mæli enn í foreldrahúsum. Og svo hefur sá hópur vaxið hraðast sem hefur ekkert heimili; heimilislausir eru nú tvöfalt fleiri í Reykjavík en fyrir nokkrum árum síðan. Hvað veldur? Margt bendir til að vandinn sé heimatilbúinn. Skortur á hagkvæmum lóðum í Reykjavík, há byggingarréttargjöld og þungt stjórnkerfi hefur hækkað verð á íbúðum í borginni. Sjálfstæðismenn í borgarstjórn hafa lagt fram tillögur til úrbóta. Á fyrsta fundi borgarstjórnar eftir kosningarnar lögðum við til að breytt væri skipulagi borgarinnar. Íbúðir væru leyfðar í Örfirisey, BSÍ reit, Keldum og Úlfarsárdal.

**Breytum kerfinu**

Bent hefur verið á að Reykjavík sé frekar dreifbýl borg. Það ætti því að vera tiltölulega ódýrt að þétta borgina. Sú leið að byggja nær eingöngu í grónum hverfum er hins vegar dýr. Með því að fara þá leið sem við höfum boðað myndi Reykjavík geta verið raunhæfur valkostur fyrir íbúðakaupendur. Og leigjendur. Annað sem við höfum lagt til er að byggingarréttargjaldi sé stillt í hóf. Þriðja atriðið er að kerfið verði einfaldara og skilvirkara. Með þessum þremur atriðum má lækka kostnað mikið, en talið er að eiginlegur byggingarkostnaður sé ekki nema rúmlega helmingur kostnaðarins. Hátt í helmingur fer í byggingarréttinn, hönnun, tafir samkvæmt tölum frá Samtökum Iðnaðarins. Rót vandans þarf að leysa. Samhliða þarf að fara í neyðarúrræði fyrir þá sem eru heimilislausir. Vandi þeirra er vandi okkar allra.



# Neytendasamtök – neytendaafl!



**Jakob S. Jónsson**
frambjóðandi til formanns Neytendasamtakanna

Eins og fram hefur komið í fréttum hef ég ákveðið að bregðast við áskorunum og gefa kost á mér til embættis formanns Neytendasamtakanna.

Ég vil gera Neytendasamtökin að þjóðfélagsafli í þágu íslenskra neytenda.

Samtök neytenda eiga að beita sér af afli fyrir bættu umhverfi fyrir neytendur á banka- og lánamarkaði, enda er kostnaður við fjármögnun einn stærsti þröskuldur í vegi fólks á húsnæðismarkaði, hvort sem um ræðir eignar- eða leiguhúsnæði. Þá eiga samtökin að beita sér af afli fyrir afnámi verðtryggingar sem veldur stórfellt hærri vöxtum hér en í nágrannalöndunum.

> **Ég vil gera Neytendasamtökin að þjóðfélagsafli í þágu íslenskra neytenda.**

Neytendasamtökin eru sjálfsagður aðili þegar kemur að því að setja afl í eftirlit með verðlagi og þróun vöruverðs; það er brýnt hagsmunamál neytenda, ekki síst á þeim tímum þegar hætt er við að auknum kostnaði af nýjum kjarasamningum verði einfaldlega velt út í verðlagið.

Þjónusta við neytendur er og verður mikilvægt verkefni Neytendasamtakanna og það er ekki síður mikilvægt að þau séu kröftugur málsvari neytenda í daglegri umræðu og tali með rödd, sem á er hlustað!

Mikilvægast er að Neytendasamtökin verði samtök fjöldans!



# Allar íslensku stelpurnar geta barist um eitt af toppsætunum

**Ísland á fimm fulltrúa á heimsleikunum í CrossFit sem hefjast í Bandaríkjunum í dag. Lokaæfing dagsins er að taka heilt maraþon í róðrarvélinni sem hljómar hrikalega að mati fyrrverandi heimsleikafara.**




Katrín Tanja, Sara og Annie Mist taka hér á því á fyrsta stigi undankeppninnar í Reykjavík í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**CROSSFIT** Heimsleikarnir, stærsta keppni ársins í CrossFit-heiminum, hefjast í Madison, litlum bæ í Bandaríkjunum, í dag. Alls sendir Ísland fimm keppendur til leiks í ár, þar af fjóra af fjörutíu keppendum í kvennaflokki eða tíu prósent keppenda. Annie Mist Þórisdóttir og Katrín Tanja Davíðsdóttir hafa báðar unnið keppnina tvisvar, besti árangur Söru Sigmundsdóttur er þriðja sætið en Oddrún Eik Gylfadóttir keppir í fyrsta sinn í einstaklingskeppni.

Í karlaflokki er Björgvin Karl Guðmundsson eini íslenski þátttakandinn. Hann er að keppa á leikunum í fimmta sinn og reynir að bæta besta árangur sinn sem er þriðja sætið árið 2015 .

Öll eru þau með augastað á því sama, verðlaunum sem hraustasti aðili heims. Þeirri nafnbót fylgja þrjú hundruð þúsund dollarar eða rétt rúmlega þrjátíu milljónir íslenskra króna.

**Mun stærra en fólk heldur**

Þuríður Erla Helgadóttir komst ekki í gegnum undankeppnina í Evrópu í ár en hún hefur alls keppt sex sinnum á leikunum sjálfum. Fjórum sinnum í einstaklingskeppni og tvisvar í liðakeppninni. Hún segir að umfang leikanna hafi aukist töluvert frá því að hún keppti fyrst árið 2012.

„Ég held að margir á Íslandi geri sér ekki grein fyrir því hversu stórt þetta er, þetta er mun stærra en flestir halda þó að það sé erfitt að setja það í samhengi við aðrar íþróttir. Það voru tólf þúsund manns á staðnum á undankeppninni minni í Evrópu í fyrra sem var bara ein af níu undankeppnum úti um allan heim svo að þetta er nokkuð stórt. Það er heilmikið búið að breytast á þessum sex árum,“ sagði Þuríður sem tók því fagnandi að búið væri að færa leikana yfir til Madison.

„Aðstæðurnar eru flottari í Madison, borgin virðist vera meira skuldbundin að taka við öllu umstanginu sem fylgir heimsleikunum og fólkið er mjög hrifið af að fá okkur. Auðvitað var alltaf smá stemming í Los Angeles þar sem leikarnir fóru alltaf fram en það átti það til að verða of heitt. Þar gat komið fjörutíu stiga hiti þar sem maður var að kafna.“

**Róðraræfingin hljómar viðbjóðslega**

Keppni hefst í dag með hjólreiðum en alls eru fjórar æfingar á fyrsta degi þar sem reynt er á úthald og styrk. Það endar svo á einni erfiðustu æfingu sem hefur sést á leikunum þegar keppendur eiga að róa heilt maraþon í róðravél. Hafa þau fjóra tíma til að róa 42,2 kílómetra.

> Það verður hræðilegt að róa 42,2 kílómetra í fjórðu æfingunni á fyrsta degi.
>
> Þuríður Erla Helgadóttir

„Þetta hljómar bara mjög illa og verður örugglega viðbjóður,“ sagði hún hlæjandi og hélt áfram: „Það eru alltaf æfingar á heimsleikunum sem þú hugsar einfaldlega: Guð minn góður, þetta er viðbjóður. Þannig eru heimsleikarnir mun meira krefjandi en undankeppnirnar. Þar fá forráðamennirnir tækifæri til að gera mun erfiðari og lengri æfingar. Auðvitað hefði verið frábært að takast á við þetta en þetta er vissulega viðbjóður,“ sagði hún létt og bætti við:

„Ég tók tíu kílómetra í róðrarvélinni um daginn og það var ógeðslegt. Þetta er alveg hræðilegt sem fjórða æfingin á fyrsta deginum. Keppendur munu finna fyrir þessu.“

Þuríður sagðist ætla að fylgjast vandlega með leikunum að heiman og styðja við bakið á íslensku stelpunum.

„Þetta eru ótrúlega margar æfingar og margir dagar þannig að það er erfitt að spá um úrslitin. Þegar keppnin er í gangi þarf maður að eiga bestu daga lífs síns og vinna á styrkleikum sínum og þá kemur maður sér í tækifæri. Ef þú endar ofarlega í nokkrum æfingum þá fleytir það manni langt. Ég held ekki með einni umfram aðrar en þær eiga allar möguleika á að berjast þarna á toppnum og ég styð bara Ísland á leikunum,“ sagði Þuríður.

kristinnpall@frettabladid.is

# Berglind Björg sú tólfta sem skorar 100 mörk eða meira í efstu deild



Berglind Björg náði merkum áfanga í leiknum gegn HK/Víkingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

**FÓTBOLTI** Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði þrennu þegar Breiðablik lagði HK/Víking að velli, 6-1, í 12. umferð Pepsi-deildar kvenna í gær. Fyrsta mark Berglindar í leiknum var sögulegt en það var hennar hundraðasta í efstu deild.

Berglind er tólfti leikmaðurinn sem skorar 100 mörk eða meira í efstu deild kvenna á Íslandi. Olga Færseth er langmarkahæst með 269 mörk. Þar á eftir kemur Margrét Lára Viðarsdóttir með 192 mörk.

Berglind skoraði sitt fyrsta mark í efstu deild í 1-3 sigri Breiðabliks á Aftureldingu þann 13. maí 2008. Þá var hún aðeins 16 ára gömul.

Hin 26 ára gamla Berglind hefur alls skorað 102 mörk í efstu deild; 70 fyrir Breiðablik, 16 fyrir ÍBV og 16 fyrir Fylki. Hún hefur leikið 158 leiki í efstu deild hér á landi.

Berglind er markahæst í Pepsi-deildinni í sumar með 12 mörk í jafn mörgum leikjum. Elín Metta Jensen og Sandra María Jessen koma þar á eftir með 11 mörk hvor. – iþs




## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Breiðablik - HK/Víkingur 6-1**
1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (4.), 2-0 Berglind Björg (5.), 3-0 Guðrún Arnardóttir (17.), 4-0 Kristín Dís Árnadóttir (20.), 5-0 Berglind Björg (53.), 6-0 Alexandra Jóhannsdóttir (58.), 6-1 Þórhildur Þórhallsdóttir (78.).

**Valur - Grindavík 3-0**
1-0 Crystal Thomas (50.), 2-0 Elín Metta Jensen, víti (53.), 3-0 Elín Metta (78.).

**Selfoss - Stjarnan 0-3**
0-1 Harpa Þorsteinsdóttir (66.), 0-2 Harpa (76.), 0-3 Telma Hjaltalín Þrastardóttir, víti (84.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 33 | HK/Víkingur | 13 |
| Þór/KA | 32 | Selfoss | 12 |
| Valur | 23 | KR | 9 |
| Stjarnan | 22 | Grindavík | 9 |
| ÍBV | 14 | FH | 6 |

**Inkasso-deild karla**

**Leiknir R. - Fram 2-2**

**Inkasso-deild kvenna**

**ÍA - Fjölnir 4-0**

## Þrír Íslendingar á EM í Glasgow

**SUND** Ísland á þrjá keppendur á Evrópumeistaramótinu í 50 metra laug sem hefst á föstudaginn. Mótið fer fram í Glasgow í Skotlandi.

Anton Sveinn McKee, Predrag Milos og Eygló Ósk Gústafsdóttir eru fulltrúar Íslands á EM að þessu sinni.

Anton Sveinn ríður á vaðið þegar hann keppir í 100 metra bringusundi á föstudaginn. Á laugardaginn keppir Eygló Ósk í 50 metra baksundi og á mánudaginn í 100 metra baksundi. Predrag keppir síðan í 50 metra skriðsundi miðvikudaginn 8. ágúst. – iþs



Emil í leik Íslands og Argentínu á HM í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Emil skiptir yfir til Frosinone

**FÓTBOLTI** Emil Hallfreðsson er genginn í raðir ítalska úrvalsdeildarliðsins Frosinone frá Udinese. Hann skrifaði undir tveggja ára samning við Frosinone.

Emil, sem er 34 ára, hefur lengst af leikið á Ítalíu. Hann var á mála hjá Reggina á árunum 2007-11, lék með Verona 2010-16 og hefur undanfarin tvö ár leikið með Udinese. Emil hefur leikið sem atvinnumaður erlendis síðan 2005.

Frosinone er nýliði í ítölsku úrvalsdeildinni. Liðið vann sér sæti í henni í gegnum umspil síðasta vor. Frosinone hefur einu sinni áður leikið í ítölsku úrvalsdeildinni; tímabilið 2015-16. – iþs

# *Meira* fyrir helgina




Tilboð gilda út 6. ágúst

**OLW snakk**

Þinn ferðafélagi.

verð frá **154** kr/stk




**HP flatkökur**

Nýbakaðar á hverjum degi.

verð frá **151** kr/stk




**Jói Fel salöt**

Tilvalin á morgunverðarborðið.

verð frá **469** kr/stk



**Hangikjötsálegg**

Ómissandi á flatkökurnar.

**1.399** kr/stk



**Beemster ostar**

Margverðlaunaðir ostar frá Hollandi.

verð frá **799** kr/stk




**Pukka te**

Ilmandi gott Pukka í ferðalagið.

verð frá **399** kr/stk




**Sigdal hrökkbrauð**

Sex bragðgóðar tegundir.

verð frá **349** kr/stk

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*



ÞETTA GERÐIST: 1. ÁGÚST 1935

## Talsamband komst á milli Íslands og annarra landa

Talsamband við útlönd var opnað á Íslandi þennan mánaðardag árið 1935. Það var söguleg stund sem hófst klukkan 11 árdegis með spjalli milli Íslendinga og Dana.

Fyrstur talaði Kristján konungur tíundi frá Danmörku og Hermann Jónasson forsætisráðherra svaraði honum með stuttri ræðu, bæði á dönsku og íslensku. Síðan hélt Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra stutta ræðu á dönsku, en Friis-Skotte, samgöngumálaráðherra Dana, svaraði honum. Því næst talaði Guðmundur Hlíðdal landssímastjóri og Vilhelmssen, settur póst-og símamálastjóri Dana, svaraði.

Hlé var gert til klukkan 12.15, þá var opnað talsamband við London. Major G. C. Tryon hélt ræðu sem Eysteinn Jónsson svaraði. Þá tók við Stanhope jarl, sem hélt alllanga ræðu fyrir hönd utanríkisráðherra Bretlands, og Hermann Jónasson svaraði ræðu hans.



Göngugarparnir Hjörleifur Hjartarson, Þórarinn Hjartarson, Kristján Hjartarson, Árni Hjartarson og Magnús Magnússon. MYND/HRUND

# Þræða eggjar Svarfaðardals

**Bræðurnir Kristján, Þórarinn, Árni og Hörleifur Hjartarsynir eru nú í göngu á eggjum Svarfaðardals. Leiðin liggur um 75 tinda og jafnmörg skörð, alls 120 kílómetra.**

Við ætlum okkur að ganga frá sjó til sjávar, byrjuðum við Háls í morgun og stefnum að því að verða í Ólafsfirði eftir sex daga. Ef það tekst ekki gefum við okkur bara meiri tíma," segir Kristján Eldjárn á Tjörn í Svarfaðardal sem er með bræðrum sínum, þeim Árna, Þórarni og Hjörleifi, á ferð að þræða hin fornu hreppamörk Svarfaðardals. Þau eru 120 km löng með 75 tindum og jafnmörgum skörðum. Hæsti tindurinn er um 1.450 metrar.

Bræðurnir eru að nálgast 1.100 metra hæð þegar ég hringi í Kristján um tvö leytið. Erindið er að panta viðtalsbil í kaffitímanum en þeir eru þá nýlagðir af stað eftir að hafa matast – og langt er í næsta stopp svo hann spjallar við mig á göngunni.

Kristján er ekki óvanur því að klífa svarfdælsk fjöll, því á annan áratug hefur hann verið fjallaleiðsögumaður og frætt fólk um náttúrufar og menningu dalsins. Þetta er þó í fyrsta sinn sem hann leggur í þá þrekraun að arka á öll fjöllin í einu. Slík ferð hefur ekki verið farin fyrr, svo vitað sé, að sögn Kristjáns, en hann tekur fram að Bjarni E. Guðleifsson, ráðunautur á Möðruvöllum, hafi gengið leiðina í áföngum á nokkrum árum.

Það var faðir bræðranna, Hjörtur Eldjárn Þórarinsson (1920-1996), bóndi á Tjörn, sem í raun átti hugmyndina að ferð þeirra. „Pabbi skrifaði í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1990 að gaman væri fyrir ungt og hraust fólk að prófa að ganga eggjarnar. Þetta er mikil og skemmtileg áskorun, ég tala ekki um ef hún heppnast. Þó við bræður séum kannski ekki svo ungir lengur þá erum við sæmilega hraustir," segir Kristján, sem fyrir nokkrum árum varð fyrir því að hryggbrotna í bílslysi á Ólafsfjarðarvegi en kveðst hafa náð sér.

Kristján segir leiðina um eggjarnar hálfnaða á Heljardalsheiði. „Þar er skáli og að honum liggur vegur upp úr Svarfaðardalnum," lýsir hann og heldur áfram: „Eiginkonurnar ætla að koma til móts við okkur þar með nýjar vistir og Steinunn systir ætlar að slást í för með okkur afganginn af ferðinni."

Veður er ákjósanlegt til göngu þegar samtal okkar Kristjáns fer fram. „Við lögðum af stað í glampandi sól upp Hámundarhálsinn en nú hefur aðeins dregið ský. Við erum auðvitað mjög seldir undir veður," segir hann og viðurkennir að fyrsti dagurinn sé dálítið strembinn þar sem hækkunin sé mikil og dagleiðin 19 kílómetrar. „Við stefnum að því að tjalda á Sælufjalli. Það hlýtur að verða alsæla!" **gun@frettabladid.is**

---



†

Þökkum samúð og vinarhug
við andlát og útför móður okkar,

**Helgu Svönu Ólafsdóttur**
kennara,

sem andaðist í Bolungarvík 11. júlí sl.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á
hjúkrunarheimilinu Bergi fyrir hlýja og
nærgætna umönnun.

**Svanhildur, Steinunn, Egill, María,**
**Ólafur Helgi, Guðrún, Rögnvaldur og fjölskyldur okkar.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ögmundur Guðmundsson**
rafvirkjameistari,
Sóleyjarima 11,

er lést á hjartadeild Landspítalans
23. júlí, verður jarðsunginn frá
Grafarvogskirkju fimmtudaginn
2. ágúst kl. 13.00.

**Kristín Guðjónsdóttir**
**Guðjón Gunnar Ögmundsson — Sigrún Birgisdóttir**
**Sólveig Jóna Ögmundsdóttir — Stefán Kristjánsson**
**Guðmundur K. Ögmundsson — Helena M. Agnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnheiður Jónsdóttir**
sjúkraliði
frá Berjanesi í Vestmannaeyjum,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu í
Kópavogi sunnudaginn 29. júlí sl.
Útför hennar fer fram frá Lindakirkju,
þriðjudaginn 7. ágúst kl. 15.00.

**Þuríður Backman — Björn Kristleifsson**
**Jón Rúnar Backman — Þóra Elín Guðjónsdóttir**
**börn og barnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Tómasson**
Sólheimatungu,

andaðist föstudaginn 27. júlí í
Brákarhlíð, Borgarnesi. Útförin fer fram
frá Borgarneskirkju þriðjudaginn 7. ágúst
kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar, sjá heimasíðu: www.brakarhlid.is

**Rita Larsen**
**Helle Larsen — Júlíus Árni Rafnsson**
**Kristín Sigríður Sigurðardóttir**
**og afabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar,

**Gróa Loftsdóttir**
frá Hólmavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði,
föstudaginn 20. júlí sl. Jarðsett verður
frá Ísafjarðarkirkju þann 4. ágúst kl. 13.00.

**Guðjóna, Eiður, Egill, Bjarni, Gísli, María, Sævar, Gestur og**
**Kolbrún Benediktsbörn, tengdabörn og afkomendur.**

---



†

Elskulegur faðir okkar,

**Erlingur Hallsson**

lést á Landspítalanum,
föstudaginn 27. júlí.
Útför hans verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Einar, Guðrún, Tryggvi og Erlingur Erlingsbörn**

---



Kransar, krossar og kistuskreytingar
**Blóm í miklu úrvali**
BJARKARBLÓM
Vefverslun:
**Bjarkarblom.is**

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 1. ÁGÚST 2018



# Nýtti gömlu skápana

Svava Björk Hjaltalín Jónsdóttir sneri eldhúsinu við heima hjá sér og stækkað það. Hún endurnýtti gamla skápa og segir málningu og nýjar höldur gera kraftaverk. Fallegt eldhús geri mikið fyrir andann. ➔2

Svava Björk segist njóta þess að útbúa mat í fallegu umhverfi. Nýja eldhúsið kemur vel út. MYND/SIGTRYGGUR ARI










Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



**Framhald af forsíðu** ➪

Matur er mín helsta ástríða fyrir utan arkitektúr. Að hanna og útbúa mat er slökun og nautn og að gera það í fallegu umhverfi getur ekki annað en haft góð áhrif," segir Svava Björk Jónsdóttir arkitekt en hún tók eldhúsið hjá sér í gegn.

„Ég opnaði eldhúsið að hluta til inn í stofuna. Þá sneri ég því við og færði ísskáp og ofnaeiningu yfir á vegginn á móti og setti eldavélina hinum megin til að fá langa borðplötu. Efri skápar voru teknir niður og nýttir sem neðri skápar en hugmyndin var að nýta allt sem hægt var til að spara kostnað. Innréttingin var máluð og nýjar höldur keyptar. Ég tók allar flísar af veggjum þar sem að mig langaði til að fá eitthvað allt annað á veggina. Ég málaði svo gólfflísarnar og sökkla í sama lit. Allt miðaðist þetta við að gera nánast allt sem ég gat ein til að geta splæst svo á mig nýrri fínni borðplötu. Borðplatan getur nefnilega breytt öllu," segir Svava.

Hún ráðleggur þeim sem stefna á framkvæmdir að ætla sér góðan tíma. Verkið teygðist yfir meira en ár.

„Það eru þessi smáatriði sem maður asnast ekki til að klára strax sem taka lengstan tíma. Að saga vegginn tók bara einn dag en að þrífa eftir það tók marga daga. Að snúa innréttingunni tók ekki nema nokkur kvöld, með góðri aðstoð vinar og málningarvinnan tók nokkrar kvöldstundir. Borðplatan kom á mettíma og var komin upp þegar ég kom heim úr vinnu. Svo þurfti ég að tengja vask með aðstoð Youtube og símhringinga. Múrvinna á vegg tók líka talsverðan tíma," segir Svava. Málningarvinnan hafi verið þó tímafrekasti hluti verksins og raskið og draslið sem fylgir framkvæmdum hafi einnig tekið á taugarnar. „Í svona framkvæmdum skiptir öllu að vera jákvæður og þolinmóður og leyfa hinum fjölskyldumeðlimunum að taka þátt."

Hvað ætti að varast í svona framkvæmdum? „Að áætla of stuttan tíma. Svo getur verið varasamt að eltast of mikið við tískustrauma og alls ekki byrja á að brjóta allt niður með sleggjunni fyrr en þú sérð fram á að geta byrjað á öllu hinu. Skápa og skúffur er vel hægt að endurnýta og breyta til dæmis bara framhliðunum."

Hvaða verkefni ertu að fást við þessa stundina?" Ég var að klára diplóma í jákvæðri sálfræði í vor og sá möguleiki að blanda saman jákvæðri sálfræði og arkitektúr hefur opnað óteljandi dyr fyrir mér í faginu. Aðgengismál eru mér einnig ofarlega í huga og hvernig hægt er að bæta og auka hamingju í byggðu rými. Verkefnastaðan í dag er ofboðslega fjölbreytt, frá fjölbýlishúsum yfir í þriggja fermetra gestasnyrtingu. Mér þykir vænt um öll verkefnin mín," segir Svava. Leiðtogasetur á Suðurlandi eigi hug hennar þessa stundina. „Þar fékk að vinna með eitt af mínum uppáhalds byggingaformum, A-bústaðinn. Táknfræði í arkitektúr getur verið ofboðslega skemmtileg. Tengingin við náttúruna er ómetanleg og er hver gluggi rammaður utan um ákveðna stemningu og útsýni. Þetta verkefni nær ekki bara yfir það að hanna sjálf húsin heldur allt umhverfið og hvernig hægt er að móta allskyns rými utandyra fyrir námskeið og til að iðka andlega og líkamlega uppbyggingu."



Eldhúsið áður en framkvæmdir hófust. Gólfflísarnar fengu nýjan lit.



Smáatriðin hafa mikið að segja. Pastavélin nýtur sín uppi á hillu.



Skáparnir fremst á myndinni voru áður efri skápar á veggnum á móti. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI




Úrvals hráefni fær að njóta sín uppi á borðum.



Matreiðsla í fallegu umhverfi veitir Svövu mikla ánægju og slökun en hún er mikill fagurkeri.



Séð frá nýja rýminu en veggur var áður á milli.




Kryddjurtir setja matarlegan svip á eldhúsið.



Einfalt formið á A-bústaðnum er í uppáhaldi hjá Svövu en eitt af verkefnum hennar er hönnun leiðtogaseturs með því formi.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

Laugardaginn 14. ágúst gefur Fréttablaðið út aukablaðið

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

Skólar & námskeið kemur út að jafnaði þrisvar sinnum á hverju ári.
Að vanda er boðið upp fjölmargar fróðlegar greinar og viðtöl.

Allir sem eru velta fyrir sér námi í haust
munu fá í blaðinu góða yfirsýn yfir það sem er í boði

Blaðið er mjög vinsæl valkostur ýmissa menntastofnanna og einkaskóla
sem nýta blaðið til auglýsa eða kynna nám sem hefst í haust.



**Nánari upplýsingar um auglýsingar og umfjallanir fyrir blaðið veitir;**

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Netfang, jonivar@frettabladid.is – Beinn sími 512-5429

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**k2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

---

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN** WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opið: Mánudaga-föstudaga kl. 10-18. Lokað um helgar í sumar.

**GÓÐIR UM VERSLUNARMANNAHELGINA**



**BMW X5 xdrive40e iperformance** m pakki . Árgerð 2018, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar.þessi er með öllu öllu **Verð 10.980.000.** Rnr.116416.



**VOLVO Xc60 t8 hybrid inscription.** Árgerð 2018, ekinn 9 Þ.KM, bensín t8 hybrid sjálfskiptur.krókur og m fl **Verð 9.500.000.** Rnr.116377.



**VOLVO Xc60.** Árgerð 2017, ekinn 44 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.gullmoli **Verð 6.490.000.** Rnr.116476.



**PORSCHE Macan s diesel.** Árgerð 2015, ekinn 7 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. mikið af aukahlutum **Verð 8.990.000.** Rnr.116136.



**FORD F350 king ranch.** Árgerð 2018, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Einn með öllu **Verð 8.370.000.+vsk** Rnr.213088.

**Yfir 150 bílar á staðnum** | **Bíll með myndum selst betur** | **Innisalur**

---

# NÝR TOYOTA YARIS 2018*

Til afgreiðslu **strax**
**Komið** og reynsluakið




AÐEINS **25 ÞÚS** Á MÁNUÐI** 80%lán

AÐEINS **29 ÞÚS** Á MÁNUÐI*** 90%lán

Fyrir aðeins **99 þúsund kr.** aukalega færð þú 15" álfelgur og filmaðar rúður.

## Vel búnir

√ Bluetooth √ Hiti í sætum √ Akreinavari
√ Árekstrarvari √ USB og Aux tengi

VERÐ KR. **1.990** ÞÚS.

*Yaris 1,0 beinsín beinskiptir nýr bíll árgerð 2018

*Bílar í ábyrgð - Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða*

** Miðað við 80% lán til 84 mánaða - Árleg Vaxtakjör 7,95%. ÁHK 9,64%
***Miðað við 90% lán til 60 mánaða - Ársvextir eru 8,15%. ÁHK 10,05%

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Aðalskipulagsmál**

**Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

1. **Breyting á aðalskipulagi fyrir frístundasvæðið Fossnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
   Auglýst er tillaga að aðalskipulagsbreytingu fyrir frístundasvæðið í Fossnesi en verið er að minnka frístundasvæði og skilgreina landið sem landbúnaðarsvæði. Um er að ræða allt að 10 ha svæði beggja vegna Gnúpverjarvegar nr. 325.

**Deiliskipulagsmál**

**Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsing að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

2. **Deiliskipulag fyrir Vatnsholt 2 L166398, Hrútsholt, í Flóahreppi.**
   Kynnt er lýsing á deiliskipulagi fyrir Vatnsholt 2, Hrútsholt, þar sem gert er ráð fyrir 10-15 íbúðarhúsalóðum af stærðinni 5.820m2 og 6.154m2 þar sem heimilt verður að byggja allt að 350 m2 íbúðarhús og allt að 100m2 útihús. Einnig eru skilgreindir tveir byggingarreitir fyrir annarsvegar íbúðarhús og geymslu/bílskúr, byggingarreitur 1, og hins vegar hesthús og geymslu/skemmu, byggingarreitur 2.

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

3. **Deiliskipulag fyrir Sandskeið úr landi Miðfells við Þingvallavatn, Bláskógabyggð.**
   Kynnt er tillaga að deiliskipulagi fyrir Sandskeið úr landi Miðfells þar sem gert verður ráð fyrir 100 frístundalóðum. Lóðirnar eru um 2.700 – 11.500m2 að stærð. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að koma til móts við eftirspurn í stærri hús en áður var heimilað og sömuleiðis til móts við aukna þörf fyrir endurnýjun og uppbyggingu eldri lóða.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

4. **Deiliskipulag fyrir frístundahúsalóð í landi Heiðarbæjar (L170196) í Bláskógabyggð.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir 5.847m2 frístundahúsalóð í landi Heiðarbæjar, L170196, þar sem heimilt verður að byggja nýtt frístundahús í stað eldra húss og allt að 40m2 geymslu/gestahús/gróðurhús.

5. **Deiliskipulag fyrir Steinhóla (Skálmholt land F L199346) í Flóahreppi. Bygging íbúðarhúss, gestahúss og útihúss.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til hluta lands sem í dag heitir Skálmholt land F. Fyrirhugað er að landið fái heitið Steinhólar og tekur til þriggja byggingarreita þar sem heimilt verður að byggja 2 íbúðarhús, útihús, geymslu og vélageymslur. Aðkoma er af Skeiða- og Hrunamannavegi rétt norðaustan vegtengingar við Suðurlandsveg.

6. **Deiliskipulag fyrir tvær íbúðarhúsalóðir úr landi Langholts 2 í Flóahreppi.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir tvær íbúðarhúsalóðir á um 4 ha lands úr landi Langholts 2, austan við núverandi bæjartorfu, þar sem heimilt verður að byggja á hvorri lóð, íbúðarhús, bílskúr og hesthús/skemmu.

7. **Deiliskipulag fyrir Sólbrekku, frístundabyggð úr landi Syðri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir Sólbrekku, frístundahúsasvæði úr landi Syðri-Brúar, sem í aðalskipulagi er merkt sem F14a. Þar kemur m.a. fram að um er að ræða deiliskipulag svæðis sem er um 36 ha að stærð og byggðist upp að mestu á 8. og 9. áratug síðustu aldar. Helstu markmið deiliskipulagsins eru m.a. að staðfesta lóðamörk innan svæðisins, setja samræmda byggingarskilmála auk þess sem gert er ráð fyrir að bæta við 10 nýjum lóðum.

8. **Deiliskipulag fyrir nýja frístundalóð, Hrafnaklettur 4, úr landi Skarðs 2 L166595 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir nýja 7.020m2 frístundalóð, Hrafnaklettur 4, úr landi Skarðs 2. Lóðin er staðsett um 650m norðaustan bæjartorfunnar í Skarði. Aðkoma að lóðinni er af Skeiða- og Hrunamannavegi nr. 30, heimreiðinni að Skarði nr. 3312, 3309, um uppbyggðan línuveg og svo til W norðurs undir vesturhlíðum Skyggnis. Sá aðkomuvegur fær heitið Hrafnaklettur og fær aðliggjandi lóð, Skarð 2 - lóð 3, heitið Hrafnaklettur 2. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 160m2 frístundahús og 40m2 aukahús á lóðinni.

9. **Deiliskipulag fyrir Álfsstaði II L215788 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir Álfsstaði II L215788, 98.500m2 lóð þar sem gert er ráð fyrir 2 byggingarreitum, reit 1 fyrir allt að 350m2 íbúðarhúsi og reit 2 fyrir hesthúsi og geymslu/skemmu samtals allt að 500m2.

10. **Deiliskipulag fyrir Hólaskóg á Gnúpverjaafrétti í Skeiða-og Gnúpverjahreppi.**
    Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir landspildu á Gnúpverjaafrétti sem er innan þjóðlendu. Tillagan tekur til afmörkunar á fjórum lóðum og er markmið skipulagsins að staðfesta núverandi mannvirki, stuðla að bættri aðstöðu fyrir starfsmenn og ferðamenn á svæðinu og stuðla að viðhaldi og endurnýjun mannvirkja.

11. **Deiliskipulag fyrir Neðan-Sogsvegar 14 og 14B L169341, Norðurkoti, í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
    Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Neðan-Sogsvegar 14 og 14B í Norðurkoti en hún felur í sér að lóð 14 stækkar úr 13.800m2 í 14.795,5m2 og lóð 14B stækkar úr 18.000m2 í 37.864,5m2. Bætt er byggingarreiti inn á lóð 14 en hann er ekki til staðar í gildandi deiliskipulagi.

12. **Deiliskipulag fyrir frístundabyggð á Holtslóð í landi Neðra-Dals í Bláskógabyggð.**
    Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir frístundabyggð á Holtslóð í landi Neðra-Dals. Gert er ráð fyrir að fjölga lóðum úr 33 í 40 auk þess sem heiti og afmörkun nokkurra núverandi lóða breytist. Einnig er ráðgert að stærð aukahúsa stækki úr 25m2 í 40m2 svo fremi að nýtingarhlutfall lóða, 0,03, sé virt.

13. **Deiliskipulag fyrir Sjónarhól L198871 í Ásahreppi.**
    Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Sjónarhól í Ásahreppi. Felur hún í sér að land Sjónarhóls er stækkað úr 2,8 ha í 5,0 ha auk þess sem byggingarreitur fyrir skemmu, B1, er stækkaður til norðurs og aukið við leyfilegt byggingarmagn á reitnum um 800m2. Þá er aukið við byggingarmagn um 100m2 á byggingarreit B2 sem er reitur íbúðarhúss.

14. **Deiliskipulag fyrir Lækjartún L165306 í Ásahreppi.**
    Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Lækjartún í Ásahreppi en þar er gert ráð fyrir nýrri 3,44 ha lóð þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús, skemmu, gróðurhús og gestahús.

15. **Breyting á gildandi deiliskipulagi sumarhúsabyggðar í landi Iðu við Vörðufell.**
    Breytinging felur í sér að gerð verði skilmálabreyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins þar sem rýmkaðar verða heimildir til byggingarmagns á lóðum á þann hátt að nýtingarhlutfall lóðar verði 0,03 og gert ráð fyrir aukahús/gestahús geti verið allt að 40m2 að stærð. Eldri skilmálar gerðu ráð fyrir 40-60m2 sumarhúsum og engum aukahúsum.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.utu.is.

Skipulagstillögur nr. 2 og 3 eru í kynningu frá 1.-17. ágúst 2018 en tillögur nr. 1 og 4 - 15 eru í auglýsingu frá 1. ágúst til 12. september 2018. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1 og 4 - 15 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 12. september en 17. ágúst fyrir tillögur nr. 2 og 3. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

*Rúnar Guðmundsson*
*skipulagsfulltrúi*
*runar@utu.is*

TRAUSTI fasteignasala



**Kristján Baldursson hdl.**
*Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*
*S: 867-3040*



**Gylfi Jens Gylfason**
*hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.*
*S: 822-5124*

**Gvendargeisli 152 – 113 Reykjavík**
**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG KL. 17:30 – 18:30**




Rúmgott, bjart og vel skipulagt fjögurra herbergja raðhús á einni hæð með suðurgarði á þessum vinsæla stað í Grafarholti. Eignin er skráð 168,9,8 fm., þar af er 28,6 fm. bílskúr. Sérstaklega fjölskylduvænt hverfi. Grunn- og leikskóli eru í göngufæri sem og Reynisvatn. Falleg útivistarsvæði allt í kring. **Verð: 81,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.




Fréttablaðið.is stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

FRÉTTABLAÐIÐ APP

FRÉTTABLAÐIÐ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Hæg vestlæg eða breytileg átt, dálítil rigning um norðanvert landið en skýjað með köflum sunnan til. Styttir upp norðanlands síðdegis en skúrir á sunnanverðu landinu um kvöldið. Hiti 9 til 18 stig, hlýjast á Suðurlandi.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 7° | 13° |
| →3 | →5 | →3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 15° | 15° | 9° |
| ↗2 | ↑3 | ↑6 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 10° | 15° |
| ↖5 | ←4 | ←2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 10° | 11° |
| ↘1 | ←4 | ↑7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 1 | | 7 | | |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | 1 |
| 3 | 2 | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | 7 | | | 2 | |
| 7 | 1 | | | | | | | |
| | | 3 | 1 | | | | 5 | 8 |
| | | | | 9 | 7 | | | 4 |
| | 4 | | 3 | | 8 | | 6 | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 8 |
| 7 | 9 | 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 3 | 6 |
| 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 7 | 2 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 9 | 3 |
| 1 | 5 | 9 | 8 | 7 | 3 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 1 | 9 | 8 | 4 | 3 | 6 | 5 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 4 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 7 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 3 | 7 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 3 | 1 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 2 |
| 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. leiftur
5. tré
6. tímabil
8. stæða
10. í röð
11. farfa
12. samkoma
13. staðalgildi
15. vol
17. froða

**LÓÐRÉTT**
1. himinhvel
2. gáðu
3. mjaka
4. andinn
7. ritsmíð
9. hæða
12. einþykkur
14. hluti verkfæris
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** flass, **5.** eik, **6.** ár, **8.** staffi, **10.** tu, **11.** lit, **12.** þing, **13.** norm, **15.** grátur, **17.** frauð. **LÓÐRÉTT: 1.** festing, **2.** litu, **3.** aka, **4.** sálin, **7.** ritgerð, **9.** flimta, **12.** þrár, **14.** orf, **16.** uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Hilmir Freyr Heimisson átti leik gegn Vestby-Ellingsen á NM í skólaskák.

**Svartur á leik**
**30...Hxf2+!! 31. Kxf2 Dg2# 0-1.**

**www.skak.is:** Allt um skák.











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hafðu (AKU) með í valinu

**AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum**




**AKU SUPERALP GTX** | **34.990 kr.** | STÆRÐIR 35-48

Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.



Lágir gönguskór / borgarskór
**AKU Climatica NBK GTX**
**24.990 kr.**



Lágir gönguskór / borgarskór
**AKU Climatica Suede GTX kvenna**
**22.990 kr.**



Gönguskór með góðan stuðning
**AKU ALTERRA GTX kvenna**
**27.990 kr.**



Gönguskór með góðan stuðning
**AKU ALTERRA GTX**
**27.990 kr.**



Léttir gönguskór
**AKU TRIBUTE GTX**
**21.990 kr.**




Lágir, millistífir gönguskór
**AKU TENGU LOW GTX**
**23.990 kr.**

## Hágæða bakpokar frá Osprey • Eitt mesta úrval landsins

**Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur • Dufflar**




Kestrel 38L göngupoki 26.990 kr.

**Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega. Á stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.**



Aether AG 70L
Burðarbakpoki
**41.990 kr.**



Zealot 15L
Hjólabakpoki
**16.990 kr.**



Daylite 13L
Alhliða bakpoki
**8.990 kr.**



Talon 6L
fyrir göngu- og hlaupafólk
**12.990 kr.**



Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
**26.990 kr.**



Talon 33L
Fisléttur alhliða göngupoki
**20.990 kr.**



Transporter dufflar
Verð frá **18.990 kr.**





# GG•sport

Smiðjuvegur 8, **Græn gata**, 200 Kópavogi
sími: 571 1020 • www.ggsport.is

„Finndu okkur á Facebook"

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING

# Er falleg sýning í öllum sínum ljótleika

**Leikfélag Hafnarfjarðar er á förum til Tékklands með hið klassíska ærslaleikrit Ubba kóng. Það nýtur þess heiðurs að vera eina erlenda leikfélagið sem er boðin þátttaka á leiklistarhátíð þar í landi.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Ingveldur Lára er hér milli þeirra Gísla Björns Heimissonar og Stefáns Jóhannessonar þar sem þau eru að pakka niður fyrir ferðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

Við erum afar glöð yfir að hafa verið valin til þátttöku á leiklistarhátíðina Jiraskuv Hronov í Tékklandi,“ segir Ingveldur Þórðardóttir, varaformaður Leikfélags Hafnarfjarðar. Þar er hún að tala um leikför með sýninguna Ubba kóng eftir Alfred Jarry, í þýðingu Steingríms Gauts Kristjánssonar og leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Tónlistin í verkinu er eftir Eyvind Karlsson og textar eftir Karl Ágúst Úlfsson og Þórarin Eldjárn.

„Við förum til Tékklands 4. ágúst og sýnum tvær sýningar þar 8. ágúst. Það verður nóg að gera þann daginn. Fáum vonandi einhvern örlítinn undirbúningstíma en oft er lítið rými til að athafna sig baksviðs á svona hátíðum,“ lýsir Ingveldur. Segir hópinn öllu vanan. „Við fórum með Ubba til Mónakó í fyrra og höfðum mjög tæpan tíma til að undirbúa okkur og líka að taka til á eftir. Það var bara hálftími milli sýninga og næsta þjóð tók við sviðinu.“

Ingveldur segir slatta af farangri fylgja hópnum. Við erum með heilmikið bakgrunnstjald sem lítur út eins og klósettpappírslengjur. Þessi uppsetning á Ubba kóngi er nefnilega grótesk og gengur mikið út á kúk því Ubbi þarf ansi mikið að fara á klósettið. Samt er þetta falleg sýning í öllum sínum ljótleika.“

Ubbi var á fjölum Gaflaraleikhússins 2015. Þar var líka ein sýning vorið 2016, að sögn Ingveldar. „Þá vorum við að undirbúa fyrstu utanlandsferðina því við förum til Austurríkis á Strawanz, alþjóðlega leiklistarhátíð þar, sumarið 2016,“ rifjar hún upp og segir árið 2016 hafa verið stórt ár í sögu félagsins, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. „Við vorum áttræð, fórum út með Ubba kóng og sýndum Ekkert að óttast í Þjóðleikhúsinu, sem var valin athyglisverðasta sýning áhugaleikfélags á Íslandi. En þetta var líka árið sem við urðum húsnæðislaus.“

Ferðin til Mónakó í fyrra var stórt og mikið ævintýri, að sögn Ingveldar. „Við förum á Mondial du Théâtre, virtustu hátíð sem alþjóðasamtök áhugaleikfélaga halda og hún er fjórða hvert ár í Mónakó. Þangað fórum við fyrir Íslands hönd. Það var eins og að ferðast með rokkstjörnum að vera með leikurunum, þeir slógu svo í gegn. Við sýndum tvö kvöld í röð og vorum lokaatriðið síðasta kvöldið. Þá var einmitt galahátíð í stórum snekkjuklúbbi á eftir, okkar fólk mætti síðast, þegar það var búið að þrífa af sér allan skítinn, og það var tekið á móti því með húrrahrópum og klöppum. Velgengnin í Mónakó varð til þess að Tékkar völdu okkur núna sem eina leikfélagið utan síns heimalands.“

**ÞAÐ VAR EINS OG AÐ FERÐAST MEÐ ROKKSTJÖRNUM AÐ VERA MEÐ LEIKURUNUM, ÞEIR SLÓGU SVO Í GEGN.**

Leikritið um Ubba kóng var skrifað fyrir rúmri öld. Ingveldur segir það mörgum kunnugt, ekki síst í Suður-Evrópu. „Tékkar bjuggu til gamanmynd um efnið 1996. Sagan gerist á þeim slóðum og lifir þar. Sömuleiðis var verkið velþekkt í Mónakó, höfundurinn, Alfred Jarry, var franskur. Þetta er merkilega mikið sýnd sýning víða um heim, í mörgum útgáfum. Það fjallar um spillta valdsmenn og efnið virðist, því miður, sígilt.“

Leikararnir í Ubba kóngi eru ellefu, að sögn Ingveldar. „Við höfum verið að æfa og slípa að undanförnu og erum svo heppin að kærleikar og samheldni ríkja milli áhugaleikfélaga á höfuðborgarsvæðinu þannig að þau hafa aðstoðað okkur í húsnæðisleysi okkar. Í fyrra fengum við að æfa hjá Leikfélagi Kópavogs og nú bauð Hugleikur okkur sitt húsnæði. Það hefur komið sér vel.“

Ingveldur kveðst stolt af Ubba kóngi. „Persónulega segi ég að þetta sé mín uppáhaldsleiksýning frá upphafi vega. Leikararnir eru allir svo flinkir og ná alltaf að koma skemmtilega á óvart. Svo er hún Ágústa Skúladóttir snillingur í leikstjórn, hún gerir svo sjónrænar og flottar sýningar. Þess vegna er auðvelt að fara með þær á erlend svið því fólk skilur þær þó tungumálið sé framandi.“



Halldór Magnússon og Huld Óskarsdóttir sem Ubbi kóngur og Ubba drottning. Kóngurinn að sjálfsögðu á klósettinu. MYND/EGGERT ÞÓR JÓNSSON (EDDI)




„Eftir aðgerð fór sjónin úr VHS myndupplausn og yfir í 4K myndgæði“
Nærsýni háði mér árum saman og ég gat ekki hugsað mér að vera með gleraugu. Ég var orðinn óöruggur í umferðinni, sérstaklega í myrkri og rigningu svo ég hugsaði stundum um að ég gæti valdið slysi. Aðgerðinni fylgdu nær engin óþægindi, hana tók fljótt af og dagarnir í kjölfarið voru auðveldir. Það erfiðasta var að taka af skarið og panta tíma til að kanna hvort ég væri hæfur í aðgerð. Núna sé ég aldeilis vel á sjónvarpið og aksturinn er afslappaðri.
Guðmundur Hjalti Stefánsson
AUGLJÓS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR
Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík • Sími 414 7000 • augljos@augljos.is • www.augljos.is



**Teitur Magnússon spilar ýmis vel valin lög á Vínyl á Hverfisgötu í kvöld og nýja platan hans, Orna, verður sett á fóninn þar sem hún fær nokkra snúninga.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hvað Hvenær Hvar Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 1. ÁGÚST 2018

### Tónlist

**Hvað** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær** 12.00
**Hvar** Hallgrímskirkja
Í dag syngur hinn margrómaði kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, íslenskar og erlendar kórperlur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Tónleikagestum er boðið í kaffi og spjall við meðlimi kórsins að tónleikunum loknum. Miðaverð kr. 2.500.

**Hvað** Hlustunarteiti: Orna
**Hvenær** 20.00
**Hvar** Vínyl, Hverfisgötu
Orna, nýjasta plata Teits Magnússonar, verður sett á fóninn! Fær hún nokkra snúninga yfir kvöldið og mun Teitur spila vel valin lög þess á milli sem valmaður kvöldsins. Léttar veitingar í boði og platan til sölu. Allir velkomnir!

**Hvað** Billy Idol
**Hvenær** 20.00
**Hvar** Laugardalshöll
Pönkarinn, rokkarinn og eilífðartöffarinn Billy Idol skellir sér á svið Laugardalshallarinnar 1. ágúst. Þar mun þessi rokkari af guðs náð flytja allar sínar helstu rokkperlur.

**Hvað** Megas & Daníel Friðrik
**Hvenær** 21.00
**Hvar** Mengi, Óðinsgötu
Efni þessara hljómleika er ný og eldri lög sem ekki hafa birst alþýðu manna með einum eða öðrum hætti. Þessi lög hafa ekki verið réttu lögin á þetta eða hitt prógrammið eða líkt og fallið milli skips og bryggju, orðið útundan án þess að hafa nokkuð til þess unnið. Nýrri söngvar eru tækifærisafurðir, afkvæmi augnabliks sem ef svo má segja hefur frosið. Enn fremur eru nokkur sýnishorn af verkum í vinnslu sem eiga sér máski glæsta framtíð í óorðinni nútíð, í það minnsta í vikunni með sunnudögunum sjö. Fúlsið nú ekki við krásunum lömbin mín.

**Hvað** Ólöf Arnalds & Skúli Sverrisson – Tónleikaröð Norræna hússins
**Hvenær** 21.00
**Hvar** Norræna húsið
Ólöf Arnalds spilar á fjölda hljóðfæra og semur dásamleg, persónuleg lög sem hún syngur með einstakri rödd sinni. Hún hefur gefið út fjórar plötur sem fengið hafa lof gagnrýnenda, þar á meðal samdi hún lag með Björk. Skúli Sverrisson er uppátektarsamur bassaleikari og magnað tónskáld með mörg farsæl samstörf að baki, meðal annars með Lou Reed og Laurie Andersson. Þetta kvöld halda þau Ólöf og Skúli tónleika saman og gestir hússins geta búist við upplifun fullri af tónlistarlegum töfrum.

**Hvað** Golden Core (NO) // Morpholith // Qualia
**Hvenær** 20.00
**Hvar** Gaukurinn, Tryggvagötu
Metallinn ræður ríkjum á Gauknum í kvöld.

**Hvað** GÓSS – Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmunds, Guðmundur Óskar
**Hvenær** 21.00
**Hvar** Hendur í höfn, Þorlákshöfn
Tríóið GÓSS, sem samanstendur af tveimur af ástsælustu söngvurum landsins, þeim Sigríði Thorlacius og Sigurði Guðmundssyni, ásamt bassaleikaranum Guðmundi Óskari, spila á Hendur í höfn Bistrocafé í Þorlákshöfn miðvikudaginn 1. ágúst. Tónleikarnir eru hluti af hringferð þeirra sem þau leggja nú af stað í annað sumarið í röð og einnig hluti af Sumartónleikaröð á bistrókaffinu Hendur í höfn.

**Hvað** Akranesviti – Skyndiharðkjarnatryllingur
**Hvenær** 18.30
**Hvar** Akranesviti
Milli 19.00 og 22.00 næstkomandi miðvikudag munu eiga sér stað skyndipönktónleikar fyrir framan Akranesvita. Þar munu koma fram: xGADDAVÍRx, Tromblon (Frakkland), Beyond Peace (Bandaríkin) og Dauðyflin. Frítt út og mætið með góða skapið.

**Hvað** Ásgeir Trausti – Hringsól
**Hvenær** 21.00
**Hvar** Frystiklefinn, Rifi
Ásgeir heldur í fyrsta skipti í tónleikaferðalag um Ísland þar sem hann kemur fram á alls 14 tónleikum dagana 17. júlí til 1. ágúst. Á tónleikunum frumflytur hann m.a. glænýtt efni sem mun prýða hans þriðju plötu sem væntanleg er í upphafi næsta árs. Um lágstemmda og hlýlega tónleika er að ræða þar sem rödd Ásgeirs fær að njóta sín en Ásgeir kemur fram ásamt Júlíusi Róbertssyni, félaga sínum. Forsala er hafin á tónleikana á Miði.is. Miðaverð er krónur 4.500.

### Viðburðir

**Hvað** PubQuiz í Iðnó: Kynlíf & matur
**Hvenær** 20.30
**Hvar** Iðnó
Þemað þetta kvöldið verður kynlíf og matur! Sinnep og pennis. Missionary og mission burrito. Spurt verður um hinar ýmsu staðreyndir sem tengjast þessum tveimur grunnþörfum mannkynsins. Spurningahöfundar og spyrlar verða Siddi og Dabbi. Hellingur af bjór í boði fyrir þá skörpustu, skemmtilegustu og slökustu. Verðlaun fyrir 1. og 2. sætið, miðjusætið og seinasta sætið. Liðið með besta nafnið hlýtur einnig verðlaun auk þess sem boðið er upp á bónuslotu sem er stafarugl. Hámark 4 saman í liði.



**GÓSS tryllir Þorlákshöfn þennan miðvikudaginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Hvað** Lesum saman og höfum gaman – Lesið og leikið með Tómasi
**Hvenær** 15.30
**Hvar** Bókasafn Seltjarnarness
Tómas Gauti, leiklistarnemi og sumarstarfsmaður Bókasafns Seltjarnarness, býður börnum í Lesið og leikið, lestrarupplifun og gagnvirkni. Tómas les valda kafla úr vinsælum barnabókum með börnunum. Börnin setja sig í hlutverk sögupersóna, leika og spinna söguna áfram undir leiðsögn Tómasar.

**Hvað** Fræðslugöngur landvarða frá Malarrifi
**Hvenær** 13.00
**Hvar** Malarrif, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
Fræðsluganga landvarðar byrjar við Gestastofu á Malarrifi. Gengið er út að Lóndröngum og endar gangan við salthúsið. Verið klædd eftir veðri og vel skóuð.


ÚTSALA
30-60%
AF ÖLLUM VÖRUM
35%
af öllum stólum
SÍÐUSTU DAGAR
Dondola®
Hirzlan
25 ára
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN – MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR
Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is
40-60%
af allri Prima vörulínunni
50-60%
af völdum vörum og sýnishornum



## GREYZONE
KL. 21:00

Hryðjuverkamenn hyggjast láta til skarar skríða í Skandinavíu og lendir verkfræðingurinn Victoria í ógnvænlegri atburðarás. **Norræn spennuþáttaröð eins og þær gerast bestar.**




**Frábær miðvikudagur**

*Fáðu þér áskrift á* **stod2.is**



## THE BOLD TYPE
KL. 21:15

Frábærir þættir um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tískutímariti. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar.



## NASHVILLE
KL. 21:45

Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.




## ORANGE IS THE NEW BLACK
KL. 22:30

Glæný sería af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York. Ekki missa af þessum hörkuspennandi þáttum.



## LION
BÍÓ KL. 22:00

Sönn saga Saroos Brierley sem fimm ára gamall varð viðskila við fjölskyldu sína á Indlandi þegar hann sofnaði í lest sem bar hann langar leiðir frá heimahögunum.

**Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.** **stod2.is**



# DAGSKRÁ
# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Lína Langsokkur Skemmtilegir þættir um sterkustu og rauðhærðustu stelpu í heimi, hana Línu Langsokk, og vini hennar, þau Önnu og Tomma.
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** The Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.05** Grand Designs
**11.55** The Good Doctor
**12.35** Nágrannar Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágrannaog fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.
**13.00** Olive Kitteridge
**14.00** The Path
**14.50** The Night Shift
**15.35** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**16.00** Six Puppies and Us
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Sportpakkinn
**19.05** Fréttayfirlit og veður
**19.10** Modern Family
**19.30** Mom
**19.55** The New Girl
**20.20** The Bold Type Önnur syrpa þessara frábæru þátta sem fjalla um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tísku- og lífsstílstímariti. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar í New York því auk þess að sinna starfi sínu vel og lifa öfundsverðu lífi lenda vinkonurnar í ýmiss konar aðstæðum sem reyna á. Þættirnir eru lauslega byggðir á lífi ritstýrunnar Joanna Coles hjá Cosmopolitan.
**21.05** Greyzone
**21.50** Nashville
**22.35** Orange Is the New Black Sjötta syrpa verðlaunaþáttanna um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York. Ekki missa af þessum hörkuspennandi þáttum.
**23.30** NCIS Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.
**00.10** Lethal Weapon
**00.55** Animal Kingdom
**01.40** Unreal
**02.20** Unreal
**03.05** Tin Star
**03.50** Tin Star
**04.40** Gone
**05.25** Gone

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Barcelona - Roma
**09.00** Tottenham - AC Milan
**10.40** Manchester United - Real Madrid
**12.20** Valur - Grindavík
**14.00** Barcelona - Roma
**15.40** Tottenham - AC Milan
**17.20** Manchester United - Real Madrid
**19.00** Arsenal - Chelsea
**21.00** Pepsi-mörk kvenna
**22.00** Haukar - ÍA
**23.40** Benfica - Lyon

## STÖÐ 3

**19.10** Kevin Can Wait
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Two and a Half Men
**21.15** The Newsroom
**22.10** The Hundred
**22.55** Famous in Love
**23.35** The Detour
**00.20** Last Man Standing
**00.45** Seinfeld
**01.10** Friends
**01.35** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Rasmus Klumpur
**07.55** Lalli
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Hvellur keppnisbíll
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og litli
**09.13** Tindur
**09.23** Mæja býfluga
**09.35** K3
**09.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Rasmus Klumpur
**11.55** Lalli
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Hvellur keppnisbíll
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og litli
**13.13** Tindur
**13.23** Mæja býfluga
**13.35** K3
**13.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Rasmus Klumpur
**15.55** Lalli
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Hvellur keppnisbíll
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og litli
**17.13** Tindur
**17.23** Mæja býfluga
**17.35** K3
**17.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Skógardýrið Húgó



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47**

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** RBC Canadian Open
**14.00** Ladies Scottish Open
**17.00** Golfing World
**17.50** RBC Canadian Open
**22.50** Golfing World
**23.40** PGA Highlights

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40** Evan Almighty
**13.15** African Safari
**14.40** Fantastic Beasts and Where to Find Them
**16.50** Evan Almighty Frábær gamanmynd frá 2007 með Steve Carell í aðalhlutverki og er sjálfstætt framhald af Bruce Almighty þar sem Óskarsverðlaunaleikarinn Morgan Freeman snýr aftur í hlutverki Guðs og Steve Carell leikur Evan.
**18.25** African Safari
**19.50** Fantastic Beasts and Where to Find Them
**22.00** Lion Dramatísk mynd frá 2016 sem fjallar um sanna sögu Saroos Brierley sem fimm ára gamall varð viðskila við fjölskyldu sína á Indlandi þegar hann sofnaði í lest sem síðan lagði af stað og bar hann langar leiðir frá heimahögunum.
**00.00** The Face of an Angel
**01.40** Rock the Kasbah
**03.25** Lion

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008
**14.05** Á meðan ég man
**14.35** Sagan bak við smellinn
**15.05** Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni
**15.30** Útúrdúr
**16.15** Bítlarnir að eilífu
**16.25** Á tali við Hemma Gunn
**17.10** Vesturfarar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Tré-Fú Tom
**18.22** Krakkastígur
**18.27** Sanjay og Craig
**18.50** Vísindahorn Ævars
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Hásetar
**20.05** Austfjarðatröllið
**20.35** Símamyndasmiðir
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Sundið
**23.45** Louis Theroux: Heilaskaði
**00.45** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**11.45** Everybody Loves Raymond
**12.10** King of Queens
**12.35** How I Met Your Mother
**13.00** Dr. Phil
**13.45** Odd Mom Out
**14.10** Rise
**15.00** Solsidan
**15.25** LA to Vegas
**15.50** Flökkulíf
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** American Housewife
**20.10** Kevin (Probably) Saves the World
**21.00** The Resident
**21.50** Quantico
**22.35** Incorporated
**23.25** The Tonight Show
**00.45** Touch
**01.30** Station 19
**02.15** Instinct
**03.05** How to Get Away with Murder
**03.50** Zoo
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Okkar stærsta sumarútsala frá upphafi

# SUMAR ÚTSALA




# Sumarútsalan ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Garðhúsgögn 30% · Reiðhjól og fylgihlutir 20-30% · Sláttuvélar 25-30% · Hekkklippur 30-40%
Sláttuorf 25-30% · Stigar og tröppur (Elkop) 30% · Sumarblóm 50% · Trjáplöntur 50%
Fjölærar plöntur 30% · Matjurtir 50% · Garðstyttur 50% · Útipottar 30% · Garðrósir 50%
Stanley loftpressur 25% · Skóflur, kantskerar, gafflar, klórur og hrífur (Green-it) 20-40%
Keðjusagir 30% · Greinakurlarar 20-30% · Úðabrúsar (Pulsar) 40% · Garðverkfæri frá Wolfgarten 30%
Slöngur, úðarar, slönguhjól og byssur (Claber) 25-40% · Hnífapör og eldhúsáhöld 30%
Matarstell, glös og könnur 30% · Bókunarvara 20% · Pottar og pönnur 30% · Hitakönnur 30%
Hreinsiefni og hreingerningaráhöld 25% · Plastkörfur og box 25% · Strauborð og herðatré 25%
Gjafavörur 25% · True North útivistarfatnaður 40% · Vinnufatnaður 25% · Harðparket (valdar vörur) 30-40%
Viðarvörn og pallaolía 20% · Útimálning 20% · Lady innimálning 25%
... og margt fleira

# Pallaefni útsala

Fáðu tilboð í sólpallinn núna

AB gagnvarin fura
27x95 mm, 4 metrar.
628640

**175** kr/lm

~~234~~ kr/lm



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

# Kaleo á Paleo

Tónlistarhátíðin Paleo í Sviss fór fram fyrir skömmu þar sem íslenska hljómsveitin Kaleo spilaði fyrir troðfullri hátíð. Gífurlega góður rómur var gerður að tónleikunum sem fram fóru á stóra sviðinu á fimmtudeginum.



Jökull Júlíusson og félagar voru í góðum félagsskap á hátíðinni en auk þeirra spiluðu meðal annars Gorillaz, The Killers, Lenny Kravitz og Depeche Mode.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Jökull og Rubin Pollock í góðum fíling.




Rúmlega 300 þúsund manns mættu á hátíðina í ár til að njóta.




Gott orðagrín er gulli betra.



Jökull Júlíusson eða JJ Julius Son mundar gítarinn.



Gífurlega góður rómur var gerður að tónleikunum hjá Kaleo.

F&F

FÆST EINGÖNGU Í

HAGKAUP

# ÚTSALA

## ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR

## Á 250 - 3.000 kr

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.




SUMAR
ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN






FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK

FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið með þér í sumar.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu
á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kringlan · SMÁRALIND · FJÖRÐUR
BÓNUS · KJÖRBÚÐIN · Krambúð · nettó
N1 · olís · bóksala stúdenta · Háma




Þeir félagarnir ákváðu að taka þátt til að bæði styrkja og vekja athygli á Einstökum börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Stjörnufans til styrktar Einstökum börnum

Samfélagsmiðlastjörnurnar **Pétur Kiernan** og **Aron Mola** og popparinn **Sigurbjartur Sturla Atlason**, **Sturla Atlas**, eru miklir mátar og ætla að hlaupa Reykjavíkurmaraþonið til styrktar félaginu Einstök börn.

Þeir félagar Pétur Kiernan, Aron Mola og Sigurbjartur Sturla Atlason hafa rottað sig saman og munu hlaupa í Reykjavíkurmaraþoninu saman. Ástæðan fyrir því að þeir taka þátt í þessari þrekraun er málefnið sem þeir hlaupa fyrir – Einstök börn.

Einstök börn er stuðningsfélag barna með sjaldgæfa sjúkdóma og heilkenni. Helsta hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna þessara barna og aðstandenda þeirra.

„Það er málefni sem okkur finnst skipta miklu máli, viljum glaðir styrkja og vekja athygli á,“ segja strákarnir. Þeir hafa skráð sig í 10 kílómetrana en útiloka alls ekki að vegalengdin geti lengst umtalsvert ef vel gengur að safna.

„Við erum skráðir í 10 kílómetra eins og er. Ef söfnunin okkar gengur vel þá gætum við hins vegar endað með að hlaupa heilt maraþon. Ef við fáum tvær milljónir hlaupum við 21 kílómetra en fjórar milljónir senda okkur í heilt maraþon.“

*Er þetta ykkar fyrsta maraþon eða hafið þið hlaupið áður?*

„Pétur og Sigurbjartur hafa hlaupið tíu kílómetra áður. Aron hefur hlaupið mest átta kílómetra þannig hann ætti að vera í mesta áhættuhópnum. En við munum peppa hver annan upp þar sem enginn okkar er í líkamlegu standi til að hlaupa maraþon.“

Þeir eru sammála um að Pétur sé í langbesta forminu af þeim öllum og Aron í því versta. Enginn þeirra er þó nálægt því að vera í formi til að hlaupa heilt maraþon játa þeir.



Einstök börn urðu 20 ára í fyrra og nokkur einstök börn heimsóttu Bessastaði af því tilefni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Kári Steinn ætlar að kenna drengjunum nokkur trikk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**VIÐ VERÐUM BARA AÐ VERA TILBÚNIR AÐ KLÍFA ALLA ÞÁ VEGGI SEM VIÐ REKUMST Á, VIÐ HÆTTUM EKKI FYRR EN VIÐ ERUM KOMNIR Í MARK.**

Aðspurðir hvort þeir séu byrjaðir að æfa segjast þeir ekki vera komnir mikið af stað – en metnaðurinn er þó töluverður og þeir eru komnir með gífurlega sterkan liðsauka í þjálfuninni fyrir maraþonið.

„Við erum bara nýbúnir að taka þessa ákvörðun þannig að við höfum ekki æft mikið en við erum að koma okkur af stað. Kári Steinn ætlar að kenna okkur einhver trix sem munu vonandi skila sér á stóra deginum.“

Það er þó ekki bara líkamleg þjálfun sem skiptir máli – það er líka andlegi þátturinn, sem þarf að sinna í langhlaupum. Það að hafa viljastyrkinn til að halda áfram að gera sama hlutinn aftur og aftur í lengri tíma og ýta sér alla leið yfir marklínuna getur verið þrautin þyngri – hvernig tækluð þið þetta strákar?

„Við verðum bara að vera tilbúnir að klífa alla þá veggi sem við rekumst á, við hættum ekki fyrr en við erum komnir í mark.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


#rushiceland
Stærsti trampólíngarður á Íslandi!
OPNUM Í DAG
FYRIR BÓKANIR Á
RUSHICELAND.IS
Garðurinn opnar 3. ágúst kl. 12:00!
rush
ICELAND
Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi · rushiceland.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR
Davíðs Þorlákssonar



## Landið selt?

Fjárfesting erlendra aðila í landi hefur valdið uppnámi hjá sumum. Einhverjir stjórnmálamenn voru ekki lengi að ríða fram á völlinn og krefjast þess að hið opinbera gripi í taumana. Til dæmis er lagt til að hinu opinbera verði veittur forkaupsréttur að landi. Stjórnmálamenn eru oft eins og ráðríkir foreldrar sem eiga erfitt með sleppa takinu af uppkomnum börnum.

Það er mikilvægt að hafa í huga að það er ekki hægt að pakka landi niður og fara með það annað. Þá þurfa innlendir sem erlendir landeigendur að fara að hinum ýmsu lögum og reglum sem gilda um notkun á landi og takmarka nýtingu á því og auðlindum þess. Þar má t.d. nefna skipulagslög nr. 123/2010, lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og svo fjölda reglugerða sem hafa verið settar á grundvelli þessara laga.

Það er því alger óþarfi að brjálast. Þótt einhver eigi land getur hann ekki gert það sem honum sýnist með það. Og auðvitað skiptir engu máli hvort það er Íslendingur eða útlendingur sem á það. Það er líka tímabært að stjórnmálamenn átti sig á því að eignarréttur er ekki stjórntæki sem þeir geta gripið til að vild. Til þess eru lög og eins og sjá má hér að ofan þá er nóg til af þeim fyrir hið opinbera til að grípa til.










*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.
WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS